



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

2025

Handbók um málörvun og læsi í Undralandi



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Saga leikskólans Undralands	3
Starfsaðferðir/hugmyndafræði	4
Grunnþættir menntunar	7
Læsi og samskipti	7
Heilbrigði og vellíðan	8
Sjálfbærni og vísindi	8
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti	8
Sköpun og menning	9
Málþroski	9
Læsi	10
Hljóðkerfis- og hljóðavitund	11
Fjölbreytni	11
Málstefna Leikskólans Undralands	12
Móttökuáætlun fyrir nýjan nemanda/barn	14
Móttökuáætlun – Börn með fjölbreyttan menningarbakgrunn	15
Snemmtæk íhlutun	17
Að mæta sérþörfum barna	19
Aðkoma sérkennslu í leikskóla	20
Deildir Undralands	21
Grænhóll – yngsta deildin	21
Stekkhóll – miðdeildin	23
Völuhóll – elsta deildin	25
Málörvun í daglegu starfi	28
Ritmál er sýnilegt	28
Veðurfræðingur og þjónn	28
Tákn með tali (TMT)	29
Bína Bálreiða	29
Mat á máltjáningu og eftirfylgni í kjölfar mats	29
Í dagsins önn	32
Útikennsla	32

Útivera.....	34
Þemavinna.....	36
Frjáls leikur.....	38
Hópastarf.....	39
Lubbi finnur málbein.....	39
Blær.....	41
Bókasafn.....	43
Spilasafn og sérkennslugögn.....	44
Lokaorð.....	45
Heimildir.....	46
Viðauki.....	49
Málörvun.....	49
Einstaklingsnámskrá.....	50

Inngangur

Skólaárið 2024-2025 fékk leikskólinn Undraland á Flúðum tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun – mál og læsi undir handleiðslu Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings, Signýjar Gunnarsdóttur talmeinafræðings frá MMS og Halldóru Guðlaugu Helgadóttur leikskólaraðgjafa. Einnig voru okkur til aðstoðar Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingur og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri frá skólapjónustu Árnesþings, þökkum við þeim kærlega fyrir að styðja við okkur, leiðbeina og hvetja áfram á meðan á verkefninu stóð.

Verkefnið var innleitt samhliða í alla aðra leikskóla í uppsveitum og Flóa. Mikill stuðningur var að þeirri samvinnu. Markmiðið með þátttökunni var að skapa þekkingu innan leikskólans, samræma verkferla og útbúa handbók. Markmið handbókarinnar er að starfsfólk leikskólans öðlist skilning og þekkingu á málörvun. Markmið með þátttöku í þróunarverkefninu er að öll börn leikskólans fái jöfn tækifæri og nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og undirbúning fyrir lestrarnám.

Við þökkum öllu okkar starfsfólki sem tók virkan þátt í að innleiða verkefnið í okkar daglega starf. Að lokum viljum við þakka öllum börnunum sem dvelja í Undralandi fyrir að gera starfið okkar skemmtilegt og líflegt.

Saga leikskólans Undralands

Það var í byrjun árs 1982 að áhugi vaknaði fyrir því að koma á fót leikskóla á Flúðum. Tilgangur leikskólans yrði sá að börnin fengju tækifæri til að kynnast öðrum börnum áður en þau byrjuðu í Flúðaskóla. Sveitarfélagið veitti styrk til tækjakaupa og þar með var kominn grunnur að leikskólanum. Frumkvöðlar að stofnun leikskólans voru Anna María Sigurðardóttir, Valdís Magnúsdóttir og Anna Marý Snorradóttir. Foreldrar ráku leikskólann til ársins 1990 en þá yfirtók sveitarfélagið rekstur hans. Þá var ráðinn fyrsti menntaði leikskólakennarinn en það var Hanna Málmfríður Harðardóttir. Jafnframt var opnunartími leikskólans lengdur og var hann opinn fyrir og eftir hádegi alla virka daga vikunnar. Leikskólinn flakkaði á milli fimm bráðabirgða húsnæða en í desember 2003 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði. Leikskólinn er þriggja deilda, fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Eldhúsið okkar er móttökueldhús og fáum við mat frá Flúðaskóla. Okkar nánasta umhverfi býður börnum og starfsfólki uppá óþrjótandi verkefni. Leikskólinn nýtur góðs af einstaklega fallegu umhverfi, góðu útinámssvæði og hinni rómuðu veðursæld á Flúðum.



Starfsaðferðir/hugmyndafræði

Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólastefnu Hrunamannahrepps. Í lögum um leikskóla er kveðið á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og að aðalnámskrá leikskóla (2011) sé stefnumótandi leiðarvísir í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um leikskóla.

Lykilhugtök sem unnið er með á markvissan og skapandi hátt í leikskólanum eru nám leikskólabarna, ígrundun, lýðræði/valdefling og náttúra. Við nýtum okkur náttúruna og umhverfið sem við búum í til verkefnavinnu og vettvangsferða.

Einkunnarorð leikskólans eru Umhverfi – Umhyggja. Einkunnarorðið Umhverfi táknar að við nýtum okkur nánasta umhverfi leikskólans og sveitarinnar til náms og skemmtunar. Umhyggja er okkar aðalsmerki þar sem að við leggjum allan metnað okkar í að börnunum líði vel í leikskólanum og að þau séu umlukin hlýju, kærleik og gleði.

Við val á hugmyndafræði var ákveðið að horfa til nokkurra fræðimanna og þá helst Loris Malaguzzi, Lev Vygotsky og Mihaly Csikszentmihalyi.

Heimspekingurinn Loris Malaguzzi þróaði hugmyndafræði sem byggir á þeirri trú að börn séu hæfileikarík og getumikil. Mikil áhersla er lögð á barnið sjálft, þarfir þess og getu til að skapa og upplifa. Malaguzzi taldi menntun vera samfélagslegt ferli og mikilvægt að barnið fái að byggja þekkingu á eigin forsendum í traustu og virðingarfullu umhverfi. Hann taldi einnig að börnin kynntust því liðna, til að flétta inn í nútíðina og byggja framtíð í gegnum sameiginlegar uppgötvanir. Áhersla var lögð á að efla sjálfsmynd, söguvitund og grenndarvitund barna. Malaguzzi var áhrifamikill uppeldisleiðtogi í Reggio Emilia á Ítalíu og hafnaði þeirri hugmynd að hugmyndafræði væri eign og óbreytanleg. Hann taldi að hugmyndafræði ætti að þróast og breytast með tímanum. Hann sagði að barn fæðist með „hundrað mál“, en samfélagið taki frá þeim níutíu og níu.

Kenningar Lev Vygotsky um félagslegt nám og hlutverk leiksins er einnig mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Vygotsky lagði áherslu á þroskasvæði (ZPD) barna, sem er bilið á milli þess sem barn getur gert sjálfstætt og þess sem það getur lært með aðstoð fullorðinna eða í samstarfi við annað barn.

Mihaly Csikszentmihalyi þróaði hugtakið „flæði“, sem vísar til þess þegar einstaklingur er niðursokkinn í verkefni og upplifir fulla einbeitingu og ánægju. Ástandið sem skapar flæði felur í sér að verkefnið sé hvorki of auðvelt né of erfitt, heldur á við hæfni og áhuga viðkomandi. Í flæði kemst ekkert annað að hjá viðkomandi, verkefnið á hug hans allan og hann gleymir jafnvel stund og stað. Hlutirnir virðast gerast án áreynslu og hæfileikar hans eru fullnýttir.

Stuðst er við **snemmtæka íhlutun** í máli og læsi í öllu starfi. Fyrri hluti hugtaksins snemmtæk íhlutun (e. early intervention) vísar til þess að eitthvað á sér stað snemma í lífi barns og sá seinni til aðgerða eða íhlutunar af einhverju tagi. Snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við tímabilið frá fæðingu til sex ára aldurs (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Snemmtæk íhlutun miðar

því að ýta undir þroska barna sem glíma við raskanir og seinkun í þroska sem og barna sem eru í hættu á að vera með þroskafrávik, snemma á lífsleið þeirra (Marta Eydal o.fl., 2019). Íhlutunin beinist til dæmis að því að hjálpa þeim að læra ýmsa grunnfærni sem og að tileinka sér nýja færni.

Snemmtæk íhlutun í máli felur í sér að greina málþroskavanda nógu snemma með athugunum og með því að afla bakgrunnsupplýsinga, skilgreina í hverju frávikin felast og meta hvaða þætti þarf að þjálfa með markvissum hætti ásamt því að veita íhlutun og ráðgjöf (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014; Neaum, 2012). Einn af grunnþáttum menntunar er læsi. Undirstaða læsis er málþroski sem einnig er afar mikilvægur grundvöllur bæði umskráningar og lesskilnings síðar meir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012).

Jákvæður agi

Uppeldisstefnan Jákvæður agi byggir á sjálfsstjórnarkenningum og leggur áherslu á að skilja orsakir hegðunar í stað þess að beita umbun eða refsingu. Markmiðið er að skapa umhverfi sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisu, góðvild og festu, þar sem börn læra félagsfærni og lífsleikni í gegnum daglegt líf.

Stefnan á rætur að rekja til kenninga Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser og Jane Nelsen. Hún byggir á þeirri hugmynd að fólk sé knúið áfram af innri þörf til að tilheyra og að samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu hafi mest áhrif á hegðun. Helstu verkfæri jákvæðs aga eru samkennd, skilningur, lausnamiðuð hugsun, góðvild og festa.

Jákvæður agi leggur áherslu á að mistök séu tækifæri til náms og að börnum sé kennt að losna við sektarkennd og skömm í kjölfar mistaka. Með því að ræða málin, biðjast afsökunar og leita lausna í sameiningu má oft bæta samskipti og styrkja tengsl. Í stað þess að refsa eða umbuna er lögð áhersla á kennslu, hvatningu og samvinnu sem leið til að efla sjálfsöryggi, ábyrgðartilfinningu og félagsfærni.

Of mikil stjórn eða eftirgjöf hindrar þroska og ábyrgðarkennd barna. Þau verða ábyrgðarfull þegar þau fá tækifæri til að æfa sig í lífsleikni í andrúmslofti virðingar og umhyggju. Fullorðnir bera ábyrgð á því að vera góð fyrirmynd, hlusta af einlægni og sýna bæði festu og hlýju í samskiptum.

Í daglegu uppeldi felst jákvæður agi í því að spyrja frekar en skipa fyrir, nota fá orð og hlusta áður en brugðist er við. Börnum er gefið svigrúm til að taka þátt í lausnaleyti og bera ábyrgð á eigin ákvörðunum. Foreldrar og kennarar eru hvattir til að nota hómor, hvatningu og hlýju í stað refsinga, að veita börnum hlutverk og ábyrgð og kenna þeim að takast á við eðlilegar afleiðingar gjörða sinna.

Reglulegir barnafundir eru mikilvægur hluti af framkvæmd stefnunnar. Þar fá börn tækifæri til að æfa sig í virðingu, hlustun og samvinnu í öruggu umhverfi. Á fundum er byrjað á að sitja í hring, veitt hvatningu og þakkir. Við styrkjum börnin í að hjálpa hvert öðru og leysum vandamál sem hafa áhrif á hópinn. Gerum áætlanir fram í tímann og ljúkum fundinum á jákvæðan hátt. Slíkir fundir styrkja samheldni, efla ábyrgð og skapa tækifæri til að læra af reynslunni.

Kjarni Jákvæðs aga er að börn læri að stjórna eigin hegðun með stuðningi, skilningi og virðingu. Með því að kenna þeim að takast á við mistök, tjá tilfinningar sínar og leita lausna í samvinnu við fullorðna eru lagðir traustir grunnar að sjálfstæði, sjálfsstjórn og heilbrigðum samskiptum (Samtök um Jákvæðan aga, e.d.).

Jákvæður agi í leikskólum

Að ala upp kynslóð

sem er ábyrgðarfull, sýnir virðingu,
er úrræðagóð og lausnamiðuð.

Dagskrá barnafunda

1. Við veitum hvatningu og þakkir
2. Við fylgjum eftir fyrri ákvörðunum og lausnum
3. Mál á dagskrá
 - ❖ Við hlustum þegar aðrir tala
 - ❖ Við tölum saman án þess að bjarga málunum
 - ❖ Við förum í lausnaleit
4. Við gerum áætlanir fram í tímann (vettvngsferðir, verkefni, uppákomur)

Grundvallarfærni fyrir barnafundi

Varða #1 Að mynda hring	Varða #2 Að æfa hvatningu og þakkir	Varða #3 Að virða fjölbreytileikann	Varða #4 Samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu
Varða #5 Leitað lausna	Varða #6 Hugstormun og hlutverkleikur	Varða #7 Barnafundir og mál á dagskrá	Varða #8 Að skilja ástæður mismunandi hegðunar

Nauðsynleg færni fyrir Jákvæðan aga í skólakerfinu

- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Sáttmálar og viðmið • Að skapa venjur • Mikilvæg störf • Sjálfstjórn • Samskiptafærni • Gagnkvæm virðing | <ul style="list-style-type: none"> • Að efla samvinnu • Mistök eru tækifæri til að læra • Hvatning • Að virða fjölbreytileikann • Að halda barnafundi/bekkjafundi |
|---|--|

Jákvæður agi – grunnhugsun

Að þróa samskipti í skólum, fjölskyldum og samfélaginu sem byggja á gagnkvæmri virðingu

Grunnpættir menntunar

Hugtakið grunnpættir menntunar eiga sér stoð í alþjóðlegu samfélagi menntamála og við gerð gildandi aðalnámskrár mennta- og menningarmálaráðuneytis voru settir fram sex grunnpættir sem eiga að endurspeglast í skipulagi og inntaki skólastarfsins, í víðu sem smáu samhengi. Grunnpættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í aðalnámskrá leikskóla eru grunnpættir menntunar nánar útfærðir í námssviðum sem tilheyra leikskólastarfinu.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Sett eru fram leiðarljós leikskólastarfs og fjallað um námssvið leikskóla. Áherslupættir námssviðanna endurspegla grunnþætti menntunar og þar má finna hæfnipætti sem börn í leikskóla eiga að fá tækifæri til að tileinka sér. Grunnþættirnir eru leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í leikskólastarfið. Í samræmi við áherslur aðalnámskrá leikskóla er vægi leiksins mikið og leikur ætti því að vera þungamiðja og meginnámsleið leikskólastarfsins. Leikurinn er námsaðferð sem kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins og samskipti. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist.

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái ríkuleg tækifæri til að:

Eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.

Endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.

Tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.

Kynnast tungumálinu og möguleikum þess.

Njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.

Öðlast skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu.

Þróa læsi í víðum skilningi.

Deila skoðunum sínum og hugmyndum.

Nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar.

Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Læsi og samskipti

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) segir að læsi í leikskóla feli í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á margvíslegan máta. Læsi er því félagslegt og felst í samskiptum svo sem að spyrja spurninga, rökræða og tjá líðan

og tilfinningar. Í leikskólum birtist læsi í öllu starfinu. Umhverfið er haft hvetjandi og ritmál sýnilegt. Nemendur hafa gott svigrúm til að prófa sig áfram og bæta í reynslubankann. Nemendur eiga að fá fjölbreytt tækifæri til tjáningar til dæmis í gegnum söng, látbragð, listsköpun og samræður en fyrst og fremst í gegnum leikinn.

Heilbrigði og vellíðan

Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan nemenda og starfsfólks skiptir miklu máli. Í leikskólastarfi er leitast við að efla samspil þessara þátta með það að markmiði að heilbrigði og vellíðan nemenda og starfsmanna sé höfð að leiðarljósi. Hlutverk starfsmanna er að efla jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði og styrkleika nemenda svo þau þrói með sér jákvæða og markvissa sýn á eigið heilbrigði. Skólaumhverfi leikskólanemenda á að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, svo sem hollu mataræði, góðri hvíld og nauðsynlegri hreyfingu bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Einnig er mikilvægt að stuðla að lausnamiðuðu andrúmslofti, heilbrigðum samskiptum og jákvæðum skólabrag. Góður málþroski styður við jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni.

Sjálfbærni og vísindi

Umhverfið og náttúran er börnum dýrmætur kennari og í raun óþrjótandi brunnur uppgötvana, náms og reynslu. Náttúran og samfélagið eru samofin fyrirbæri og hlutverk kennara er að efla virðingu og skilning nemenda á náttúrunni, efla rýmisgreind og veita nemendum tækifæri á að átta sig á stærra samhengi hlutanna. Að athafnir þeirra í náttúrunni verði þeim merkingabærar til dæmis með því að fylgjast með brauði rotna, verða að mold sem þá verður jarðvegur fyrir næsta lífríki, eða að fylgjast með vatni renna niður halla eftir eðlislögmáli og þyngdarafli. Mikilvægt er að nemendur læri að þekkja tengingu vísindalegra og tæknilegra þátta við náttúruna. Náttúran veitir ríkulegt tækifæri til að vinna með orðaforða og málörvun.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Í leikskólum er lögð áhersla á gildi og starfshætti sem styðja við lýðræðislegt og réttlátt samfélag þar sem foreldrar, kennarar og nemendur eru samstarfsaðilar. Náms- og leikefni er fjölbreytt og kennarar gæta þess að allir nemendur fái jafnan aðgang að því. Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði nemenda er eflt svo þeir verði hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Nemendur eru hvattir til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Í leikskólum fá nemendur þessi tækifæri, fá að gera sem mest sjálfir, fá kost á að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Réttur allra er virtur óháð kyni, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Rödd nemenda, skoðanir og vilji er því sýnilegur í daglegu starfi leikskólans. Með því læra nemendur um gildi lýðræðis og þess að vera þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi.

Sköpun og menning

Segja má að orðið sköpun sé hugtak eða skilgreining á hugsun og athöfn þar sem nýtt sprettur frá því sem áður var. Sköpun og menning eru órjúfanlegir þættir og ekkert samfélag manna er án menningar og menningararfs. Í leik felst mikill sköpunarkraftur því börnin eru stanslaust að gera tilraunir (í samskiptum og athöfnum), gera eitthvað nýtt, framkvæma af forvitni, frumleika og þá feta nýjar slóðir. Hlutverk kennarans er að veita nemendum ríkulegan efnivið og aðstoð og leyfa þeim síðan að vera þau sjálf svo þau beiti eigin hugsun og reyni á ímyndunaraflið. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Mikilvægt er að nemendur fái að handfjatla og læra á margs konar verkfæri í þeim tilgangi að öðlast smátt og smátt færni og reynslu í beitingu þeirra. Í næstu köflum verður farið nánar í hvernig þessir grunnþættir birtast í daglegu starfi okkar, sérstaklega þegar kemur að málörvun og læsi.

Málþroski

Börn fæðast inn í umhverfi þar sem mál er grundvallartæki samskipta. Þau sækjast strax eftir félagslegum tengslum og læra smám saman að nota hljóð markvisst. Með babbli aðlagast þau hljóðkerfi móðurmálsins og læra samskiptareglur, s.s. að skiptast á í samtali (Rannveig Oddsdóttir, 2017). Sameiginleg athygli (e. joint attention) er lykilatriði þar sem hún tengir orð við hluti og aðstæður.

Fyrstu orð birtast 10–20 mánaða, en börn skilja mun fleiri orð en þau segja. Orðaforði vex hægt fyrst en tekur stökk um 18–20 mánaða þegar hann nær 50–100 orðum. Þá hefst hraður orðaforðavöxtur og börn fara að beita málfræðilegum reglum. Aukinn orðaforði styrkir tjáningu og samskipti (Rannveig Oddsdóttir, 2017).

Málþroski er grundvöllur læsis, námsárangurs, félags- og tilfinningaþroska. Hann felur í sér marga þætti – hljóðkerfi, orðaforða, málfræði og málnotkun – sem þróast á ólíkan hátt. Styrkur á einu sviði tryggir ekki styrk á öðru, og þjálfun þarf að miða að hverjum þætti sérstaklega (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017).

Orðaforði er sérstaklega mikilvægur þar sem hann tengir saman þekkingu, beygingar og skilning á flóknum setningum. Hann er helsta burðarstoð lesskilnings og mjög háður umhverfi og málörvun (Rannveig Oddsdóttir, 2017).

Foreldrar og kennarar gegna lykilhlutverki sem breytist eftir aldri og þroska barns. Málþroski er mjög háður ílagi, stuðningi og tækifærum til að spreyta sig í krefjandi aðstæðum. Mikilvægt er að greina börn með slakan málþroska snemma og veita þeim markvissa málörvun (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017). Í Undralandi leggjum við sérstaka áherslu á að nýta náttúruumhverfi okkar til orðaforðaaukningar og málörvunar.

Læsi

Hugtakið læsi hefur verið tengt við þá færni sem þarf til að fólk geti fært hugsun sína í ritað mál og að það skilji það sem það er að lesa. Með aukinni þekkingu og rannsóknum hafa hugmyndir um læsi breyst og sérfræðingar sammála um að læsi snúist um málnotkun og merkingu orða í málсамfélagi og sé því félagslegt í eðli sínu. Læsi stýrist af þeirri hefð sem ríkir og einstaklingurinn getur því ekki öðlast þessa færni óháð stað og stund og þeim gildum og þeirri menningu sem hann býr við (Stjórnarráðið, 2011).

Lestur er eitt það flóknasta sem börn þurfa að læra til að ná að lesa sér til gagns og ná fram sjálfvirkni í lestri. Það gerist ekki ósjálfrátt heldur þarf að kenna þeim og þau þurfa mikla þjálfun til að verða læs. Leiðin til læsis reynist einstaklingum miserfið enda eru margir þættir sem hafa áhrif á þróunina. Til að mynda er mikilvægt að börn öðlist góða færni í þáttum eins og hljóðkerfis- og hljóðavitund, orðaforða, umskráningu og skilningi, en slök geta í þessum þáttum getur haft neikvæð áhrif á lestrarnám einstaklings (Helga Sigurmundsdóttir, 2011a; Menntamálastofnun, 2020a).

Börn byrja að læra undirstöður lestrar við upphaf máltöku sem heldur áfram upp leik- og grunnskólaaldur. Þótt ekki sé lögð áhersla á beina lestrarkennslu í leikskólastarfi koma þau með nokkra eða jafnvel töluverða lestrarkunnáttu upp í grunnskóla. Það forskot má rekja til læsisríks uppeldis og umhverfis leikskólans þar sem áhersla er lögð meðal annars á bækur, ljóð, samskipti, fjölbreytta málörvun og hljóðþekkingu stafa. Jafnframt er unnið með læsi í víðum skilningi og tjáningu, ásamt því að lögð er áhersla á að hafa ritmálið sýnilegt í starfinu og þannig stuðla að sjónrænum orðaforða. Leikskólum ber að líta svo á að leikurinn sé aðalnámsleið barnsins og fer því öll innlög og kennsla fram í gegnum leik. Því verða börn oftast ekki vör við að þau séu að læra undirstöður lesturs en flest börn eru áhugasöm um lestrar- og skriftarnám og er þeim gefið tækifæri til að styrkja þann áhuga (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Bryant o.fl., 2020). Til að öðlast læsi þarf að vera aðgangur að skriffærum, pappír eða sambærilegu efni til að skrifa á, einnig þarf að vera aðgangur að bókum, tæknimiðlum og verkkunnáttu til að koma ritsmíðinni á framfæri (Stjórnarráðið, 2011).

Að ná góðum tókum á lestri er mikilvægur þáttur í öllu námi, því gefur að skilja að íhlutun fyrir þau börn sem standa höllum fæti getur skipt sköpum fyrir framtíðarhorfur þeirra. En til að íhlutun skili árangri er mikilvægt að henni sé beitt markvisst og hún mótuð með þarfir þeirra barna sem þurfa að leiðarljósi. Markmiðið með íhlutun er að jafna getu bilið innan barnahópsins (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2013). Í Undralandi nýtum við fallett náttúruumhverfi okkar til að efla læsi. Útikennsla, vettvangsferðir og náttúruuppgötvanir veita ríkuleg tækifæri til orðaforðanáms og að dýpka merkingu.

Læsisteymi leikskólans sem samanstendur af deildarstjórum og sérkennslustjóra heldur utan um læsisstefnuna og sér um að henni sé fylgt eftir sem og áherslum snemmtækra íhlutunnar.

Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Hljóðkerfisvitund gerir okkur kleift að greina hljóð tungumáls án tengingar við merkingu orða. Hljóðkerfis- og hljóðavitund gegna veigamiklu hlutverki í lestarnámi barna því slök færni í þeim þáttum eykur líkur á erfiðleikum við lestur. Undirþættir hljóðkerfisvitundar eru meðal annars rím, sundurgreining, atkvæði, samtenging hljóða og hljóðræn umskráning en þessir þættir eru taldir gefa sterk forspárgildi fyrir lestrarnámið. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það skilar betri árangri í lestarnámi að hefja þjálfun hljóðkerfisvitundar á leikskólaaldri. Sér í lagi fyrir börn sem eru í áhættuhópi en jafn mikilvægt er að val verkefna og áherslur séu í samræmi við getu og þarfir barnanna (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.a; Freyja Birgisdóttir, e.d.).

Í Undralandi er lögð sérstök áhersla á að efla hljóðavitund barna í gegnum leik og skapandi starf. Hljóð og tungumál eru rannsökuð á fjölbreyttan og lifandi hátt, þar sem börnin fá að tengja orð, hljóð og hreyfingu í daglegu starfi. Við vinnum markvisst með rím og vísur í samverustundum, söngur og tónlist eru hluti af daglegu starfi og við notum hljóðaleiki í frjálsum leik þar sem börnin kanna hvernig hljóð verða til og breytast. Í útikennslu eru náttúruhljóð nýtt til að efla athygli og hlustun. Í leikskóla er afar mikilvægt að búa börnum ríkulegt málumhverfi sem styður vel við málþroska þeirra allt frá upphafi leikskólagöngu.

Umskráning

Umskráning á sér stað þegar barn er farið að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja á milli þeirra, mynda orð og vita einnig merkingu þeirra. Barnið byrjar á því að læra umskráningu með samtengjandi hljóðaaðferð en með henni læra börn að tengja saman stök hljóð orðanna og öðlast færni til að hlusta eftir þeim orðum sem hljóðin mynda. Með þessum hljóðrænu tengingum og skilningi á merkingu orðanna verða orðin hluti af sjónminni sem barnið getur svo kallað fram um leið og þau sjá orðin við lestur. Umskráning er það sem aðrir grunnþættir lestrar byggja á þ.e. lesfimi, orðaforði og lesskilningur. Því skiptir máli að ná góðri færni í umskráningu til að koma í veg fyrir slaka færni í lestri (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.b; Helga Sigurmundsdóttir, e.d.c).

Fjöltyngi

Börn sem læra fleiri en eitt tungumál eru fjöltýngd. Sum læra eitt heimamál og bæta við samfélagsmáli, önnur læra tvö heimamál samhliða og enn önnur þrjú. Skil á milli tungumála eru oft óljós. Foreldrar og skóli þurfa að styðja fjöltyngi og viðhalda heimamáli, sem er grunnur að öðru tungumálanámi, á meðan samfélagsmálið er lykill að námi og starfi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).

Rannsóknir sýna að gott vald á heimamáli auðveldar nám annarra tungumála og að fjöltyngi veldur ekki málþroskafrávikum né seinkun (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Málþroskapróf sem eru stöðluð á öðru máli en heimamáli barns gefa ekki rétta mynd, en hægt er að skoða ákveðin atriði eins og hlustun, athygli, orðaforða og setningamyndun (Edwards, Letts & Sinka, 2011).


Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algerlega; mikilvægt er að tala heimamál barnsins en einnig að læra samfélagsmálið, sérstaklega skólaorðaforða. Að læra tvö mál tekur lengri tíma en eitt og frávik geta birst ef barnið er prófað aðeins á einu máli (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).

Besta leið til að meta stöðu barna sem læra íslensku sem annað mál er að skoða orðaforða, t.d. með Orðaskil, LANIS eða óformlegum athugunum með túlki. Magn og gæði samskipta og málnotkunar í báðum tungumálum hefur afgerandi áhrif. Áhyggjur tengdar mati snúa annars vegar að því að vanmeta frávik sem koma fram á báðum málum, hins vegar að gera ranglega ráð fyrir vandamáli þegar barnið hefur einfaldlega fengið of takmörkuð tækifæri til að tileinka sér mál samfélagsins (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004).

Málstefna Leikskólans Undralands

Málstefna Leikskólans Undralands byggir á ákvæðum Aðalnámskrár leikskóla og laga um leikskóla nr. 90/2008, þar sem kveðið er á um að leikskóli skuli stuðla að alhliða þroska barna, meðal annars með því að efla tjáningu, samskipti og skilning. Íslenskan er aðalmál og samskiptamál leikskólans í daglegu starfi, námi og leik. Með markvissri málrækt er stuðlað að því að börn verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og þrói jákvætt viðhorf til tungumálsins og menningararfsins sem því fylgir.

Málstefna Leikskólans Undralands hefur það að meginmarkmiði að:



Málumhverfi og starfshættir

Leikskólinn Undraland leggur áherslu á að íslenskan sé notuð í öllu daglegu starfi. Málnotkun á sér stað í öllum aðstæðum – í leik, samveru, sögum, söng, útivist og verkefnum. Starfsfólk leikskólans er meðvitað um að það sé fyrirmynd í málnotkun og vinnur markvisst að því að nota fjölbreyttan orðaforða, tala skýrt og skapa umhverfi sem ýtir undir samskipti. Börnum gefst kostur á að kynnst bókum, ljóðum, sögum og orðaleikjum sem auka orðaforða og málskilning.

Í leikskólanum er lögð áhersla á;


- að börn fái tíma og tækifæri til tjáningar
- að hlustað sé á börnin og tekið mark á orðum þeirra
- að málproski sé eflur í gegnum leik og skapandi starf
- að sjónrænt og hljóðrænt málumhverfi styðji við málrækt, t.d. með myndum, bókaspjöldum, nöfnum og merkingum í umhverfi barnsins

Fjöltyngi og málstuðningur

Leikskólinn Undraland sýnir virðingu fyrir fjöltyngi og menningarlegum bakgrunni allra barna. Börn sem hafa annað heimamál en íslensku er veittur stuðningur við að tileinka sér íslensku samhliða því að þau eru hvött til að viðhalda og rækta eigið heimamál. Viðhorf leikskólans er að fjöltyngi sé auðlind sem styrki sjálfsmynd barna og auki skilning allra á menningarlegri fjölbreytni.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra er grundvallaratriði í málrækt barna. Leikskólinn hvetur foreldra til að:



Foreldrar eru upplýstir um málstefnu leikskólans og fá leiðbeiningar um hvernig þeir geta stutt málproska barna sinna bæði á íslensku og eigin heimamáli.

Leikskólinn Undraland hefur það að leiðarljósi að öll börn fái tækifæri til að verða örugg í íslensku máli, með góðan orðaforða, tjáningu, hlustun og skilning. Markmið leikskólans er að börn öðlist ánægju af því að nota tungumálið í leik og samskiptum og verði þannig virkir þátttakendur í íslensku mál- og menningarsamfélagi.

Móttökuáætlun fyrir nýjan nemanda/barn

Það er stór stund í lífi barns að byrja í leikskóla, allt er framandi og því mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun strax frá upphafi. Hjá þeim börnum sem eru að byrja sína skólagöngu notum við svokallaða þáttökuaðlögun. Í henni felst að foreldrar eru fyrstu þrjá dagana í skólanum með börnum sínum. Þeir eru fullir þátttakendur og gefst því gott tækifæri til að kynnst leikskólastarfinu og kennurum deildarinnar vel. Að öllu jöfnu kveður barnið foreldra sína á fjórða degi. Börn þurfa mismikinn tíma til að aðlagast leikskólastarfinu og því mikilvægt að foreldrar og kennarar meti saman hvað er hverju barni fyrir bestu hvað varðar aðlögun þess í leikskólann.

Markmið áætlunnar er að tryggja örugga og ánægjulega aðlögun barnsins að leikskólastarfi og skapa umhverfi þar sem barnið finnur sig velkomið og öruggt. Einnig að börn og foreldrar upplifi lærdómsumhverfi þar sem börn fá hvatningu til að læra á eigi forsendum.

Undirbúngur fyrir komu barns:

- Foreldrum er boðið í kynningarsamtal þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans. Foreldrar undirrita dvalarsamning, fá afhent dagsskipulag, einnig fá þeir eyðublöð sem þarf að fylla út og snúa m.a. að því hvort barnið sé með einhverskonar ofnæmi og hvort foreldrar samþyki myndbirtingar.
- Ákveðið er hvenær barnið byrji í aðlögun og þáttökuaðlögun kynnt fyrir foreldrum.
- Skipuleggja hver tekur á móti barninu og hvaða starfsmaður verður aðal tengiliður.
- Upplýsingaöflun frá foreldrum:
- Hefur barnið verið í öðrum leikskóla?
- Hver eru áhugasvið barnsins?
- Hefur barnið áskoranir, ofnæmi eða aðrar sérstakar þarfir?
- Hvernig gengur þegar barnið aðlagast nýjum aðstæðum?
- Hvaða óskir hafa foreldrar um t.d. svefn eða annað sem tengist þörfum barns þeirra.

Upplýsingar sem foreldrar fá:

- Foreldrahandbók þar sem kemur m.a fram:
- Útskýring og áætlun þáttökuaðlögunar.
- Hvað þarf að koma með í leikskólann (föt o.fl.)
- Matar- og hvíldar- og eða svefnfyrirkomulag.
- Hvernig foreldrar geta haft samskipti við leikskólann.
- Dagskipulag deildarinnar.

Fyrstu dagar barnsins:

- Foreldrar eru hvattir til að vera með barninu á aðlögunartímabili, í samræmi þátttökuáðlögunina.
- Barnið fær sína eigin skúffu inni á deild og fatapláss og mynd af sér til að merkja sitt rými í forstofu
- Deildarstjóri /kennari kynnir barnið fyrir öðrum börnunum og gefur þeim tækifæri til að kynnast.

Eftirfylgni:

- Deildarstjóri fylgist með aðlögun barnsins og veitir foreldrum endurgjöf.
- Foreldrar eru boðaðir í samtal tvisvar á ári þar sem farið er yfir þroska og hvernig gengur almennt í leikskólanum.
- Ef þeir eru með áhyggjur í eða eftir aðlögun barnsins er fundur boðaður með foreldrum og rætt hvernig best er að koma til móts við þarfir barnsins.
- Eftir að barnið er byrjað í leikskólanum og upp koma grunsemdir hjá kennurum um að barnið eigi í einhverskonar vanda hvað varðar t.d. líðan, hegðun eða þroska þá eru foreldrar boðaðir á fund til að foreldrar og leikskóli geti fundið út saman hvað best sé að gera fyrir barnið til að hjálpa því.

Móttökuáætlun – Börn með fjölbreyttan menningarbakgrunn

Í aðalnámskrá leikskóla og í lögum um leikskóla nr.90/2008 kemur fram að leikskólum beri að setja fram móttökuáætlun fyrir nýja nemendur. Áætluninni er ætlað að auðvelda börnum upphaf skólagöngunnar og tryggja að foreldrar séu öruggir um barnið sitt í leikskólaumhverfinu og að tryggja að foreldrar fái upplýsingar um skólann, samfélagið og þá þjónustu sem þar býðst barninu. Henni er einnig ætlað að tryggja að leikskólinn afli fullnægjandi upplýsinga um nýja nemendur.

Við upphaf leikskólagöngunnar er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna. Þegar fjöltyngd börn hefja leikskólagöngu þarf að eiga samtal við foreldra um stöðu þeirra í móðurmáli og íslensku. Huga þarf að málörvun og að gefa þeim verkfæri til samskipta og félagslegrar þátttöku (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Í Undralandi er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum börnum og fjölskyldum þeirra. Mikilvægt er að barnið og foreldrar þess fái strax í upphafi jákvæða mynd af leikskólanum og að foreldrum og börnum finnist þau velkomin í skólann. Eftirfarandi áætlun er sérstaklega ætluð börnum og foreldrum með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn. Þegar óskað er eftir skólavist fyrir barn með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn, óskar skólastjórnandi eftir túlki ef þörf er á og boðar hlutaðeigandi í innritunarsamtal.

Innritun:

- foreldrar barna óska eftir samtali við skólastjórnanda vegna komu nemandans í skólann
- ákveðinn er tími fyrir móttökusamtal þar sem foreldrar og barn mæta
- skólinn sér um að panta túlk ef þurfa þykir
- sé barnið komið með kennitölu er barnið skráð í Karellen.

Undirbúningur viðtals:

- skólastjórnandi velur deild fyrir barnið og kynnir fyrir deildastjórum komu þess
- deildarstjóra viðkomandi deildar er tilkynnt um að nýtt barn sé að byrja, hvaðan það er og hvenær móttökusamtal fer fram
- deildarstjóri undirbýr aðra starfsmenn deildarinnar og önnur börn fyrir komu nýs barns
- skólastjóri/deildarstjóri safnar saman þeim gögnum sem nota á í móttökusamtali: útbúnaðarlista og aðlögunaráætlun leikskólans.

Móttökusamtal:

- Móttökusamtal sitja foreldrar, barn, túlkur, skólastjóri, deildarstjóri og skérkennari og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji samtalið. Afar mikilvægt er að báðir foreldrar komi í samtalið en ekki skyldmenni eða vinir og að fenginn sé túlkur þó svo að annað foreldrið tali íslensku.
- Foreldrum afhent upplýsingaeyðublað sem þeir fylla út með aðstoð túlks en þar eru skráðar bakgrunnsupplýsingar um barnið.
- Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram þar sem barni er ekki heimilt að hefja leikskólagöngu nema að undangenginni læknisskoðun sé barnið nýkomið til landsins.
- Sérkennari gerir einstaklingsáætlun ef þarf, í samráði við deildarstjóra nemandans.
- Ákveðið hvenær barnið er í nýbúakennslu/málörfun.
- Annar fundatími ákveðinn innan tveggja vikna og farið yfir stöðu mála.
- Þriðji fundur haldinn sex til átta vikum síðar og farið yfir stöðu mála.
- Deildarstjóri sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um barnið til allra þeirra sem koma að koma að því í leikskólanum/skólanum.

Eftirfarandi þættir eru útskýrðir fyrir foreldrum og nemandanum í móttökuvíðtalinu:

- Dagskipulag.
- Íþróttir og útinám.
- Farið yfir fyrri reynslu þeirra í öðrum leikskólum.
- Farið yfir útivistarmenningu (t.d. börn fari úti í flestum veðrum og klæðnað í útiveru).
- Skóladagatal.
- Símanúmer skólans.
- Heimasíða og netföng kynnt.
- Mötuneyti og matarmenning kynnt foreldrum.
- Ákveðið hvenær barnið byrjar í leikskólanum.
- Útskýrt hvert á að snúa sér ef barninu líður illa í leikskólanum.
- Hlutverk foreldra hvað snertir þáttöku í leikskólastarfinu.
- Farið yfir aðlögunarferlið (þáttökuaðlögun).
- Foreldrafélagið kynnt.
- Farin kynnisferð um leikskólann.
- Samstarf heimilis og leikskóla.
- Karellen kynnt fyrir foreldrum.
- Leikskólagjöld kynnt fyrir foreldrum.
- Skólastjóri/deildarstjóri sér um að koma nauðsynlegum upplýsingum um greiðslu leikskólagjalda til gjaldkera sveitarfélagsins.

Snemmtæk íhlutun

Fyrri hluti hugtaksins snemmtæk íhlutun (e. early intervention) vísar til þess að eitthvað á sér stað snemma í lífi barns og sá seinni til aðgerða eða íhlutunar af einhverju tagi. Snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við tímabilið frá fæðingu til sex ára aldurs (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Snemmtæk íhlutun miðar því að því að ýta undir þroska barna sem glíma við raskanir og seinkun í þroska sem og barna sem eru í hættu á að vera með þroskafrávik, snemma á lífsleið þeirra (Marta Eydal o.fl., 2019). Íhlutunin beinist til dæmis að því að hjálpa þeim að læra ýmsa grunnfærni sem og að tileinka sér nýja færni. Þetta getur átt við hreyfifærni, sjálfshjálp, félagslega og tilfinningalega færni. Loks er það vitsmunaleg færni sem meðal annars snýr að hugsun, námi og lausn vandamála, sem og færni í samskiptum sem felur í sér talmál, hlustun og skilning (Overview of early intervention, 2021).

Einn af grunnþáttum menntunar er læsi. Undirstaða læsis er málþroski sem einnig er afar mikilvægur grundvöllur bæði umskráningar og lesskilnings síðar meir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir o.fl., 2012). Snemmtæk íhlutun í máli felur í sér að greina málþroskavanda nógu snemma með athugunum og með því að afla bakgrunnsupplýsinga, skilgreina í hverju frávikin felast og meta hvaða þætti þarf að þjálf með markvissum hætti ásamt því að veita íhlutun og ráðgjöf (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014; Neaum, 2012). Grunnur að góðum námsárangri ungra barna með frávik í málþroska er lagður með því að veita þeim íhlutun við hæfi. Með snemmtækri íhlutun, góðu samstarfi við foreldra og upplýsingagjöf til þeirra um leiðir til

málörvunar, er unnt að draga úr og mögulega fyrirbyggja ýmsan vanda sem frávik í málþroska geta haft á líðan barna, hegðun þeirra og námsframvindu (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021). Að því gefnu er snemmtæk íhlutun í máli og læsi mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, því við upphaf og í kjölfar athugana á málþroska leikskólabarna þarf oft að grípa til skilgreindrar íhlutunar (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl., 2014). Algengt er að veita þurfi íhlutun og þjálfun í ákveðnum málþáttum, til dæmis varðandi framburð, orðaforða og færni í uppbyggingu setninga (Law o.fl., 2017).

Íhlutun fyrir börn á leikskólaaldri með tal- og/eða málraskanir getur verið í formi beinnar og óbeinnar kennslu í ýmsum aðstæðum, svo sem í leikskólum, inni á heimilum og/eða á stofum talmeinafræðinga. Þeir sem sinna íhlutuninni eru ýmist foreldrar, sérkennarar, þroskaþjálfar, kennarar og/eða talmeinafræðingar. Þeir síðast nefndu eru gjarnan leiðbeinandi aðilar fyrir aðra sem að íhlutuninni koma. Eftir því sem börn eru yngri virðast foreldrar virkari í að skipuleggja og taka þátt í íhlutun þeirra. Þátttaka foreldra í íhlutun og þjálfun stuðlar til dæmis að jákvæðum samskiptum þeirra við barnið. Þátttakan eflir þekkingu þeirra á þáttum sem lúta að tali og máli og á því hvernig þeir geta stutt við málþroska barns síns heima fyrir í samræmi við getu þess og fylgt eftir þjálfun sem fram fer hjá kennara eða talmeinafræðingi. Íhlutun hjá kennurum felur aftur á móti í sér fleiri tækifæri til innlagnar og þjálfunar á nýrri færni. Sérhæfðari og markvissari tal- og málþjálfun er oftast í höndum talmeinafræðinga, svo sem málhljóða- og framburðarþjálfun (Law o.fl., 2017).

Við íhlutun sem fer fram innan veggja leikskólans er ýmislegt sem gott er að hafa í huga, til dæmis er gott samstarf við talmeinafræðinga varðandi forvinnu og skipulag íhlutunar ákjósanlegt, sem og hvernig standa skal að málörvuninni (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021). Tíðni og tímalengd íhlutunar eða sérkennslunnar getur verið með ýmsu móti, til dæmis dagleg þjálfun yfir lengri tíma. Það getur verið breytilegt eftir því hvaða málþætti er verið að þjálfva hvaða leið skal velja varðandi tíðni, ákefð og tímalengd inngrips. Við þjálfun orðaforða verður árangurinn meiri ef öflugt inngrip er veitt. Í öðrum tilfellum eins og til dæmis við þjálfun sérstakra málfræðilegra þátta getur ákefð íhlutunarinnar, svo sem hversu oft íhlutunin á sér stað, verið hlutfallslega mikilvægari en lengd, það er hversu lengi hún stendur yfir (Law o.fl., 2017). Árangursrík íhlutun leiðir til þess að barnið geti notað þá færni sem unnið er með í þjálfunartímum í raunverulegum samskiptum en snýst ekki bara um ásættanlega svörun og rétt viðbrögð í tímum sjálfum (Paul o.fl. 2018).

Hvenær skal hefja íhlutun hjá ungum börnum

Talmeinafræðingarnir Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir (2021) gera grein fyrir nokkrum atriðum sem hafa ber í huga þegar metið er hvenær skuli hefja markvissa íhlutun hjá ungum börnum. Þegar eins árs gamalt barn hefur til dæmis ekki áhuga á tengslum við fólk, myndar fá hljóð, hermir ekki eftir hljóðum, tengir ekki hluti við heiti þeirra, segir ekki ma ma og pa pa og tengir við mömmu og pabba er þörf fyrir íhlutun. Ef tveggja ára gamalt barn sýnir lítinn áhuga á samskiptum við foreldra, myndar lítið augnsamband og reynir ekki að ná athygli fólks. Barnið segir innan við tíu orð, fer ekki eftir einföldum fyrirmælum og notar mest

bendingar og ýmis hljóð, þarf það á íhlutun að halda. Hefja skal íhlutun hjá þriggja ára barni ef það er meðal annars með rýran orðaforða, notar að mestu eins til þriggja orða setningar, segir ekki nafnið sitt, er með óskýran framburð eða myndar fá málhljóð.

Ung börn á biðlista eftir aðstoð og/eða greiningu sérfræðinga, til dæmis talmeinafræðinga, ættu ekki að vera án íhlutunar. Það getur skipt sköpum fyrir námsframvindu barna sem eiga í vanda að markviss íhlutun hefjist sem fyrst í leikskólanum í samstarfi við foreldra, eða um leið og grunur um málþroskafrávik vaknar þó að niðurstöður annarra sérfræðinga séu ekki tiltækar. Það sama á við um tví- og fjöltyngd börn (Sara Tosti, 2021). Á undanförnum árum hefur fjöldi leikskólabarna af erlendum uppruna farið ört vaxandi. Rannsóknir benda til þess að færni þessara barna í íslensku sé fremur slök og að innan leikskólanna sé skortur á tíma og þekkingu til að taka á því. Auk þess vanti fjölbreytt úrræði til að styðja við íslenskunám þessa nemendahóps sem allra best (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Hjördís Hafsteinsdóttir o.fl., 2022).

Hvort sem börn eru sein til máls, með sérstaka mál-, tungumála og samskiptaörðuleika eða eru að læra fleiri en eitt tungumál njóta þau góðs af málíhlutun og þjálfun frá þeim sem þekkingu hafa og geta stutt við tungumálanám þeirra og við fjölskyldur þeirra. Því fyrr sem þarfir barna eru greindar og markviss íhlutun hefst því líklegra er að inngripið beri árangur (Neaum, 2012).

Að mæta sérþörfum barna

Í leikskólum vinnum við með mörgum mismunandi einstaklingum og þurfum við að geta mætt allskonar mismunandi þörfum. Það felur í sér að þróa einstaklingsmiðaða nálgun sem tekur mið af sérþörfum hvers barns. Þegar börn eru með tjáningarvandamál eða þurfa á aukinni málörvun að halda þá er mikilvægt að byrja á að greina nákvæmlega hvaða málvanda barnið glímir við og hvaða sérþarfir það hefur. Þetta getur verið gert með því að nota viðurkennd matstæki í samráði við sérfræðinga, svo sem talmeinafræðinga, sálfræðinga eða ráðgjafa. Í kjölfar þess að búið sé að greina vandann þarf að útbúa einstaklingsmiðaða námsáætlun sem tekur tillit til aldurs, þroska, styrkleika og veikleika barnsins.

Til að mæta sérþörfum er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir. Þetta getur falið í sér:

Sjónrænar aðferðir	Nám í gegnum hreyfingu	Heyrnær úrvinnsla
Það er gott að nota sjónrænt skipulag fyrir börn með sérþarfir, til að styðja við orðaforða og skilning. Hægt er að nýta myndir, tákn, sögur og spjaldtölvu til stuðnings.	Fyrir börn sem eru með athyglisbrest eða ofvirkni, getur verið gott að finna málörvun sem felur í sér hreyfingu og leiki til að halda athygli og vinna með mál.	Þetta getur falið í sér að nota ýmsar æfingar til að bæta tal- og hlustunarfærni. Svo sem að vinna með rím, hljóð og samsett orð.

Börn með málörðugleika þurfa oft að fá sértæka aðstoð. Þetta getur falið í sér að fá talmeinafræðing sem vinnur með þeim í náinni samvinnu við foreldra og skóla. Til dæmis, börn sem glíma við málvanda geta þurft að æfa sig meira með hljóðum og orðum í leikjum og/eða þurft að nota mismunandi aðferðir til að bæta skilning og tjáningu.

Það er mikilvægt að leggja áherslu á styrkleika barnsins þegar það kemur að málörvun. Það getur ýtt undir jákvæða sjálfsmynd og hvetur barnið til að nýta þá hæfileika sem það hefur. Að vera með meira sjálfstraust auðveldar þeim að hafa trú á sjálfum sér í þeim aðstæðum sem þau eiga í erfiðleikum með.

Samvinna við foreldra, kennara og aðra sérfræðinga er mjög mikilvæg til að tryggja að málörvunin sé samræmd og viðvarandi bæði heima og í skólanum. Foreldrar og aðrir aðilar sem vinna með barninu ættu að fá ráðleggingar um hvernig þeir geti stutt málörvun á heimili og í daglegu lífi.

Mikilvægt er að sýna þolinmæði þegar unnið er með börn með sérþarfir. Að veita barninu stuðning og hvatningu, jafnvel þegar það sýnir ekki strax árangur, er lykillinn að árangri í málörvun.

Aðkoma sérkennslu í leikskóla

Sérkennsla í leikskóla felur í sér markvissa aðstoð við börn sem þurfa frekari stuðning til að ná tilætluðum þroska- og námsmarkmiðum. Markmið sérkennslu er að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til að læra, leika sér og þroskast á eigin forsendum.

Sérkennslustarf í leikskóla byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun, þar sem þarfir hvers barns eru metnar og stuðningur aðlagður að getu þess. Þetta getur falið í sér:

- Þróun einstaklingsnámsskráa og þroskaáætlunna fyrir börn sem þurfa á því að halda.
- Aðstoð við daglegar athafnir og félagslega þátttöku.
- Notkun sérhæfðra kennsluaðferða og stuðningstækni til að auðvelda nám og samskipti.
- Samvinnu við foreldra, kennara og annað fagfólk til að samræma stuðning og tryggja samfelli.

Sérkennari í leikskóla vinnur náið með kennurum og öðrum starfsfólki til að samþætta sérkennslu inn í daglegt starf, þannig að barnið geti tekið þátt í leik og lærdómi á sem eðlilegastan hátt. Aðkoma sérkennslu er því ekki aðskilin frá daglegu starfi heldur felst hún í því að skapa sveigjanlegt, öruggt og hvetjandi umhverfi fyrir öll börn.

Sérkennslustjóri sér um reglubundin próf, skimanir og skráningar (sjá viðauka) og bregst við frávikum. Skipuleggur íhlutun í samráði við starfsfólk. Er tengiliður við sérfræðinga og foreldra. Fylgist með framförum og aðlagar áætlanir (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir, 2021).


Deildir Undralands

Grænhóll – yngsta deildin

Grænhóll er yngsta deild Leikskólans Undralands og þar dvelja börn á u.þ.b. aldrinum 18 mánaða til 2,5 árs. Á þessum aldri eru börn að stíga sín fyrstu skref í leikskólagöngu og móta grunninn að félagslegum samskiptum, leik og málþroska.

Á Grænhóli er lögð áhersla á öryggi, hlýju og náið samband við börnin, þar sem hvert barn fær að njóta sín á eigin forsendum. Markmiðið er að styðja börnin á einstaklingsmiðaðan hátt í þeirra fyrstu skrefum í tjáningu og samskiptum.

Sérstaða yngstu barna í málörvun:



Snemmtæk íhlutun í daglegu starfi Grænhóls

- **Leikur og samvera** eru helsti vettvangur málörvunar; kennarar grípa tækifæri í augnablikinu til að efla orðaforða og tjáningu.
- **Söngur, hreyfileikir og sögur** styðja málþroska með endurtekningu, takti og einföldum frásögnum.
- **Félagsleg samskipti** eru þjálfuð með því að hvetja börn til að deila, bíða eftir að komast að og tjá þarfir sínar í hópi.
- **Útivera og könnunarleikur** gefa börnum færi á að upplifa, spyrja og læra orð í tengslum við lifandi umhverfi.


Viðmið barna á Grænhóli

Við 18–30 mánaða aldur má gera ráð fyrir að börn hafi náð ákveðnum áföngum í mál-, orðaforða- og félagsþroska. Eftirfarandi tafla sýnir dæmigerð viðmið um þennan þroska og lýsir þeim færniþáttum sem flest börn á þessum aldri hafa tileinkað sér.

Viðmið í málþroska	Viðmið í orðaforða	Félagsleg viðmið
• Notar 1–2 orða setningar („mamma koma“, „ég vil“). • Byrjar að beita einföldum beygingum (t.d. fleirtölu eða eignarfalli). • Skilur einföld fyrirmæli án bendinga („Náðu í boltann“). • Hlustar á sögur og þekkir kunnug orð og hljóð í þeim. • Noti mál til að fá hluti, biðja um hjálp eða deila athygli.	• Hafi um 50 orð við 18–20 mánaða aldur og um 200–500 orð við 30 mánaða aldur. • Noti orð úr daglegu lífi (matur, leikföng, fjölskylda, líkams hlutar o.fl.). • Læri ný orð hratt og noti þau í mismunandi samhengi. • Nefni hluti, dýr og fólk sem þau þekkja. • Noti fornafn eins og „ég“, „þú“, „mín“.	• Leiti eftir athygli og samskiptum við fullorðna og önnur börn. • Skilji leikreglur eins og að „bíða eftir röð“. • Noti augnsamband, bendingar og orð til að eiga samskipti. • Hermi eftir orðum og hegðun annarra. • Tjá tilfinningar með orðum („glöð“, „vondur“, „meidd“).

Málörvun á Grænhóli

Á þessu aldri eru börn að byggja upp grunn skilning og upphaf tals. Málörvunarstund fyrir þennan aldurshóp á að vera stutt, einföld og í gegnum leik. Kennarar nota endurtekningu, bendingar, látbragð og einföld orð til að örva skilning og málnotkun. Notaðar eru myndir, bækur með fáum orðum, söngvar og vísur með hreyfingum. Börnin eru hvött til að nefna hluti, benda og herma eftir orðum. Áhersla er lögð á sameiginlega athygli (joint attention) t.d. með því að tala um það sem barnið horfir á eða leikur sér með.




Stekkhóll – miðdeildin

Stekkhóll er miðdeild Undralands og þar eru börn á aldrinum 2,5 til 4 ára. Á þessum aldri eru börn farin að tala meira, spyrja spurninga og prófa sig áfram í félagslegum samskiptum. Þau læra í gegnum leik, hreyfingu og samtal við aðra og því er mikilvægt að skapa örvandi umhverfi sem styður við bæði málþroska og félagsfærni.

Á Stekkhóli er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun í gegnum daglegt starf, þar sem leikur og samskipti eru nýtt til að efla tjáningu, orðaforða og hlustun. Börnin eru hvött til að tjá skoðanir sínar, taka þátt í umræðum og læra að hlusta á aðra.

Sérstaða aldurshópsins



Snemmtæk íhlutun á Stekkhóli

- **Leikur með tungumálið:** Börnin taka þátt í samræðum, hlutverkaleikjum og sögugerð þar sem þau fá að nýta ímyndunaraflíð.
- **Sögur og bækur:** Lestur er notaður markvisst til að efla orðaforða og skilning, og börnin hvött til að segja frá sjálf.
- **Rím og tónlist:** Söngvar, vísur og hreyfileikir styðja við málskilning og minni.
- **Félagsleg verkefni:** Börnin læra að vinna saman í hóp, hlusta, semja og tjá sig í samvinnu.
- **Útivera:** Í náttúrunni gefast fjölbreytt tækifæri til að orða upplifanir, spyrja spurninga og prófa ný orð í raunverulegum aðstæðum.


Viðmið fyrir börn á Stekkhóli

Á aldrinum 2,5 til 4 ára verða verulegar framfarir í málnotkun, orðaforða og félagslegum samskiptum. Börn fara að nota flóknari setningar, taka virkan þátt í samræðum og tjá hugsanir og tilfinningar á fjölbreyttari hátt. Eftirfarandi tafla sýnir dæmi um helstu viðmið um mál-, orðaforða- og félagsþroska á þessu aldursbili.

Viðmið í málþroska	Viðmið í orðaforða	Félagsleg viðmið
• Notar 3–5 orða setningar („ég ætla út að leika“). • Byrjar að beita beygingum og tengiorðum (og, en, af því að). • Skilur flóknari fyrirmæli („Farðu inn í herbergið og sæktu bókina“). • Byrjar að segja einfaldar sögur eða endursegja atburði. • Hljóðmyndun verður skýrari, þó enn geti verið framburðarvillur.	• Hefur yfirleitt 800–1500 orð við 3–4 ára aldur. • Notar orð yfir hluti, aðgerðir, lýsingarorð og tilfinningar. • Læri ný orð hratt í leik og samræðum. • Byrjar að nota spurningar („hvað“, „hver“, „af hverju“). • Getur nefnt hluti á myndum og flokkað þá (t.d. dýr, matur, föt).	• Tekur þátt í samræðum og hlustar á aðra. • Leikur sér með öðrum börnum, t.d. í hlutverkaleikjum. • Skilur og fylgir einföldum reglum í leik. • Tjáir tilfinningar með orðum og sýnir samkennd. • Byrjar að tala um eigið líf, fjölskyldu og reynslu.

Málörvun á Stekkhóli


Börn á þessum aldri hafa náð aukinni færni í að tjá sig og skilja flóknari fyrirmæli. Málörvunarstundir miða að því að efla orðaforða, setningagerð og skilning á samræðum. Það er mikilvægt að börnin fái tækifæri til að tjá sig sjálf, ekki aðeins hlusta. Kennarinn notar opnar spurningar („Hvað gerðist næst?“), endurtekur og útfærir svar barnsins („Já, bíllinn datt – hann fór á hausinn!“). Leikur, sögur, orðaskjóða, hlutverkaleikir og myndabækur eru lykilatriði.



Völuhóll – elsta deildin

Völuhóll er elsta deild Undralands og þar eru börn á aldrinum 4 til 6 ára. Á þessum aldri eru börnin komin á mikilvægan stað í þroska sínum – þau eru orðin sjálfstæðari í leik og daglegum athöfnum, hafa þróað ríkari orðaforða og geta tekið virkan þátt í samræðum, sögugerð og skapandi verkefnum.

Á Völuhóli er lögð áhersla á að efla börnin í gegnum leik, málörvun, skapandi starf og aukna sjálfstjórn. Börnin fá fjölbreytt tækifæri til að tjá skoðanir sínar, spyrja spurninga og taka þátt í umræðum sem ýta undir forvitni, gagnrýna hugsun og félagsfærni.



Snemmtæk íhlutun á Völuhóli

- **Sögugerð og frásögn:** Börnin eru hvött til að segja sögur, lýsa reynslu sinni og segja frá upplifunum.
- **Samræður og spurningar:** Kennarar leggja áherslu á opnar spurningar sem hvetja börnin til að íhuga og útskýra.
- **Rit- og tákneikur:** Börnin fá að skoða bókstafi, tákni og tölur í leik og daglegu starfi, sem styrkir undirbúning fyrir læsi og stærðfræði.
- **Félagsleg verkefni:** Samvinnuleikur og hópverkefni efla hæfni til að hlusta, skipuleggja og leysa ágreining.
- **Útivera og rannsóknir:** Í náttúrunni fá börnin að setja orð á reynslu sína, vinna með hugtök og læra í raunverulegum aðstæðum.

Samstarf við grunnskólann

Á Völuhóli er lögð sérstök áhersla á að undirbúa börnin fyrir skólabyrjun. Í því felst markvisst samstarf við Flúðaskóla:

- Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir í skólann, þar sem þau kynnast umhverfi, kennurum og daglegum venjum.
- Nemendur í 1. bekk koma í heimsókn í leikskólann, sem styrkir tengslin milli barna og gerir flutninginn á milli skólastiga eðlilegri.
- Með þessum samskiptum öðlast börnin sjálfstraust, öryggi og skýra mynd af því sem bíður þeirra í skólanum.


Viðmið fyrir börn á Völuhóli

Frá fjögurra til sex ára aldurs eykst færni barna í tjáningu, orðaforða og félagslegum samskiptum verulega. Þau fara að nota flóknari málfræði, segja sögur með upphafi, miðju og endi og taka virkan þátt í samræðum. Á þessum tíma mótast einnig lesskilningur, sjálfstjórn og hæfni til samvinnu. Taflan sýnir dæmi um helstu viðmið á þessu aldursbili.

Viðmið í málþroska	Viðmið í orðaforða	Félagsleg viðmið
• Notar lengri og flóknari setningar með beygingum og tengingum („ef“, „þegar“, „vegna þess“). • Getur endursagt sögur eða atburði í réttri röð. • Skilur hugtök sem lýsa tíma, rými og orsökum (á morgun, undir, af því að). • Framburður verður að mestu skýr, þó einstök hljóð geti enn verið ófullkomin. • Skilur og notar húnur, orðaleiki og einfaldar gátur.	• Hefur yfir 2000–3000 orð við 5–6 ára aldur. • Notar fjölbreytt lýsingarorð og sagnir. • Skilur og notar andstæður og flokka (stór/lítill, heitur/kaldur). • Byrjar að nota orð sem tengjast tilfinningum, hugsunum og orsökum. • Undirbýr grunn að lestrarfærni með áhuga á hljóðum og orðum.	• Talar í hóp, skiptir um hlutverk í samtali og hlustar á aðra. • Tekur virkan þátt í samvinnu og hlutverkaleikjum. • Skilur reglur og fylgir þeim í leik og daglegu lífi. • Tjáir tilfinningar og þarfir á viðeigandi hátt. • Sýnir aukna samkennd og getur leyst einföld ágreiningsmál.

Málörvun á Völuhóli

Með börnum á þessum aldri er markmiðið að þróa flóknari mál færni og undirbúa lesskilning. Málörvunarstundir eru oft skipulagðar í kringum sögur, samtöl og verkefni sem krefjast, rökhugsunar og frásagnar. Börnin eru hvött til að segja sögur, útskýra hugsanir sínar og nota orð sem lýsa orsökum, tíma og tilfinningum. Kennarar vinna með orðaforða tengdan bókum, leikjum og daglegum verkefnum, og spyrja spurninga sem hvetja til íhugunar („Af hverju heldur þú að...?“). Áhersla er einnig lögð á hljóðkerfisvitund, t.d. að þekkja rím, upphafshljóð og orðahluta.



Hér er verið að telja atkvæði orða

Málörvun í daglegu starfi

Undraland leggur mikla áherslu á málörvun í öllu starfi dagsins og nýtum við hvert tækifæri til að efla tungumál barna í mismunandi aðstæðum. Í samveru gefst gott rými til samtals, spurninga og frásagna þar sem börnin fá að tjá sig og hlusta á aðra. Í fataklefanum styðjum við börnin í að orða það sem þau eru að gera, nefna flíkur og æfa hugtök tengd klæðnaði og veðri. Matartímar bjóða upp á lifandi samskipti þar sem við tölum um matinn, litina, bragðið og samveruna við borðið. Söngstundir og hreyfileikir tengdir söngvum styrkja orðaforða, hrynjanda, rím og málskilning. Börnin sem sofa ekki hjá okkur fara í hvíld og hlusta á bók, en lestur í hvíldartíma þjálfar bæði mál, skilning og hlustun.

Við nýtum einnig mikið tákni með tali, sérstaklega með yngstu börnunum og þeim sem þurfa meiri stuðning til að tjá sig. Með þessu fá þau aukin tækifæri til þátttöku í samskiptum og upplifa að þau geti komið hugsunum sínum og þörfum á framfæri.

Ritmál er sýnilegt

Starfsfólk leikskólans setur metnað í að hafa ritmálið sýnilegt á sem flestum stöðum því þannig geta börnin lært að tengja saman hluti og ritmál. Húsgögn og aðrir hlutir í umhverfi barnanna merktir með orðmyndum. Í fataherbergjum er hvert barn með sér hólfi merktu með nafni barnsins. Á hverri deild hanga uppi myndir, tákni og texti með vikudögunum og mánuðum. Inni á deildum eru afmælis dagatöl með mynd og nafni hvers barns við þann mánuð sem barnið á afmæli.

Veðurfræðingur og þjónn

Á leikskólanum fá börnin ýmis ábyrgðarhlutverk sem styrkja sjálfstæði þeirra, félagsfærni og skilning á daglegu starfi skólans. Eitt þessara hlutverka er veðurfræðingurinn, sem hefur það verkefni að fylgjast með veðrinu á hverjum degi og upplýsa hin börnin um það. Veðurfræðingurinn skoðar út um gluggann eða fer út að athuga hvort sé sól, rigning, snjór eða vindur og segir síðan hópnum frá hvernig veðrið er og í hvaða föt þarf að klæðast áður en farið er út að leika. Með þessu læra börnin að taka eftir náttúrunni, ræða saman um breytingar í veðri og axla ábyrgð á því að hjálpa öðrum að undirbúa sig fyrir daginn.

Annað mikilvægt hlutverk er að vera þjónn í matsalnum. Eftir morgunmat aðstoða þjónarnir matráðinn við að ganga frá, raða áhöldum, þurrka borð og sjá til þess að matsalurinn verði hreinn og tilbúinn fyrir næstu máltíð. Þegar þau hafa lokið við verkin fá þau að fara í stutt spjall með matráðnum inni í eldhúsinu. Þar ræða þau saman um hvað var í morgunmatnum, hvað verður í hádegismat og hvaða matur er hollur og góður fyrir líkamann. Í þessu samtali fá börnin tækifæri til að læra um hollustu, matarmenningu og mikilvægi samvinnu í eldhúsinu.

Bæði hlutverkin – veðurfræðingurinn og þjónarnir – gefa börnunum tækifæri til að taka virkan þátt í daglegu starfi leikskólans, þjálfa ábyrgð, samskipti og umhyggju fyrir öðrum. Þannig læra þau að öll störf á leikskólanum skipta máli.

Tákn með tali (TMT)

Tákn með tali er boðskiptaleið sem er hægt að nota með börnum á öllum aldri, TMT er verkfæri sem leggur áherslu á að nota tákn samhliða tali til að efla skilning og tjáningu þegar börn eiga í erfiðleikum með munnlega tjáningu. TMT minnkar pirring barnsins yfir að geta ekki tjáð sig og auðveldar barninu að gera sig skiljanlegt. Með aðstoð TMT byggist upp orðaforði, félagsfærni eykst, hreyfifærni verður betri og setningar lengjast. Sérstök áhersla er á notkun náttúrulegra og myndrænna tákna sem eru hlutlæg og því er auðveldara fyrir barnið að skilja hvað átt er við. Notkun tákna með tali hægir á tali fullorðinna og setningar verða styttri og hnitmiðaðri. Útfærsla tákna tekur mið af taltakti þannig að öll atkvæði komist til skila. Taltaktur ýtir undir myndun málhljóða og skýrari framburð. Notkun TMT hefur í för með sér meiri og markvissari boðskipti, eflir sjálfstæði og lífsgæði aukast.

Bína Bálreiða.

Öllum börnum leikskólans eru kenndar svokallaðar boðskiptareglur Bínu, en þær hjálpa börnum að eiga viðeigandi boðskipti sem er mjög mikilvægur þáttur í þeirra námi. Reglurnar eru sýnilegar börnunum á myndrænu formi inni á deildum og eru ávallt rifjaðar upp í hópastarfi, samverustundum og í söngstund. Reglurnar eru eftirfarandi: Að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, skiptast á og muna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006, 2007, 2008).



Mat á máltjáningu og eftirfylgni í kjölfar mats

Markmið mats á máltjáningu í Leikskólanum Undralandi er að fylgjast markvisst með málþroska barna, greina þörf fyrir stuðning og tryggja að öll börn fái tækifæri til að þróa málið á eigin forsendum. Matinu er ætlað að styðja við einstaklingsmiðað starf og efla faglegt samtal starfsfólks, foreldra og sérfræðinga um málþroska barna.


Matstæki og aðferðir

TRAS – „Tidig registrering av språkutveckling“

Leikskólinn Undraland notar TRAS (Tidig registrering av språkutveckling) sem er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. TRAS er áheyrnarmiðað athugunarverkfæri sem byggir á daglegu starfi og samskiptum við barnið.

Með TRAS er m.a. metið:

- Málskilning og málvitund.
- Orðaforða og framburð.
- Samleik, félagsfærni og setningamyndun.
- Tjáskipti/samskipti og athygli/einbeitingu.



Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileikun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er framkvæmd í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu vegna lestrarerfiðleika þegar formlegt lestrarnám hefst. Markmið HLJÓM-2 er að kanna hversu vel börn skilja og vinna með hljóð og stafi í íslensku máli, sem er mikilvægur þáttur í lestrarfærni og undirbúningi fyrir grunnskóla.

Prófið metur m.a.:

- Hljóðgreiningu og rím.
- Athygli á upphafs- og endahljóðum.
- Hæfni til að tengja hljóð og orð.

Niðurstöður HLJÓM-2 nýtast til að greina hvort þörf sé á frekari stuðningi eða sértækri málörvun til að styðja við lestrarnám.

Eftirfylgni í kjölfar mats

Eftir að niðurstöður mats liggja fyrir eru þær ræddar á faglegum vettvangi innan leikskólans og við foreldra.

- Ef niðurstöður benda til eðlilegs málþroska heldur barnið áfram í almennum málörvunarstarfi leikskólans.
- Ef niðurstöður gefa til kynna að málþroski sé undir væntingum miðað við aldur, er unnið eftir einstaklingsmiðaðri málörvunar- eða stuðningsáætlun, í samvinnu við foreldra og deildarstjóra.
- Þegar þörf er á frekara mati eða ráðgjöf er leitað til þroska- eða talmeinafræðings, í gegnum skólaþjónustu Árneshóla.

Allar upplýsingar úr TRAS og HLJÓM-2 eru meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarlög og einungis nýttar í faglegum tilgangi til að styðja við þroska barnsins.

Reglubundið mat og endurmat

Mat á málþroska er endurtekið reglulega, oftast einu sinni til tvisvar á ári, eða oftar ef ástæða er til.

Eftirfylgni felur í sér:

- Endurmat á framvindu.
- Uppfærslu á einstaklingsáætlunum.
- Samráð við foreldra og fagaðila.
- Skráningu og greiningu þróunar yfir ákveðinn tíma.

Með þessu tryggir leikskólinn samfellu í málþroskavinnu og markvissan stuðning við hvert barn út frá þörfum þess og styrkleikum.

Með markvissu mati og eftirfylgni leitast Leikskólinn Undraland við að tryggja að öll börn fái viðeigandi stuðning til að efla málþroskann þannig að íslenskan verði þeim töm í öllum aðstæðum.

Foreldrar eru einnig hvattir til þess að fara með börn sín í reglubundnar heilsufarsskoðanir á heilsugæslustöðvum. Ef einhver frávik koma fram í slíkri skoðun setur hjúkrunarfræðingur sig í samband við sérkennslustjóra (að fengnu leyfi foreldra) til þess að fá nánari upplýsingar um viðkomandi barn og hvort íhlutun eigi sér þegar stað í leikskólanum.

Unnið er að skipulagningu verkferla um skrifleg skil milli heilsugæslu og leikskóla í Árnesþingi.

Í Undralandi fylgjast leikskólakennarar og sérkennslustjóri með framvindu þroska barnanna. Þeir nota ýmsar athuganir og skráningar til þess að átta sig betur á hvar styrkleikar hvers barns liggur og geta þannig veitt snemmtæka íhlutun sé þess þörf.

Í dagsins önn

Útikennsla

Leikskólinn Undraland hefur lengi lagt áherslu á öflugt og fjölbreytt starf í útikennslu. Staðsetning leikskólans er miðsvæðis á Flúðum og skapar einstök skilyrði þar sem stutt er í fjölbreytta náttúru og vettvang sem nýtast vel í starfi með börnunum.

Náttúran allt í kring

Kvenfélagsskógurinn

Vinsæll staður til útileikja og verkefna þar sem börnin upplifa náttúruna af eigin raun. Tré, klettar, eldstæði og náttúruleg leiktæki bjóða upp á frábært svæði til náms.

Litla-Laxá og Hellisholtalækur

Gefa tækifæri til verkefna tengdum vatni, náttúruathugunum og lífríki þess.

Fjallgöngur

Styrkja úthald, samvinnu og tengingu barna við nærumhverfið.

Hverasvæði

Börnin kynnast náttúruöflunum með því að sjóða egg og baka rúgbrauð í hveravatni. Þessi reynsla tengir saman náttúrufræði, menningu og samveru á lífandi og skemmtilegan hátt.

Lækjagarðurinn

Fallegt umhverfi þar sem er bæði skjól og eldstæði sem gefur möguleika á samveru, matargerð og sögustundum úti. Einnig er hægt að hoppa á ærslabelg og renna sér í aparólu.

Fótboltavöllurinn

Opið svæði til hreyfileikja og skipulagðra verkefna.



Útikennsla býður upp á góð tækifæri fyrir málörvun. Í náttúrulegu umhverfi skapast fjölbreyttar aðstæður til samtals, lýsingar og tjáningar. Börn fá tækifæri til að tengja ný orð við raunverulegar upplifanir, til dæmis með því að tala um lauf sem blakta í vindi, fugla sem fljúga yfir, eða hljóð vatns sem rennur í læk.

Samkvæmt rannsóknum hefur útikennsla jákvæð áhrif á áhuga og virkni barna (Waite, 2017). Útikennsla ýtir undir sjálfstæði og forvitni, sem eru lykilþættir í málproska.



Í slíku samhengi getur kennari beitt snemmtækri íhlutun með því að:

- **Setja orð á reynslu barna:** að lýsa athöfnum, tilfinningum og umhverfi.
- **Virkja börnin til tjáningar:** með spurningum, endurtekningum og frásögnum.
- **Stuðla að auknum orðaforða:** með því að kynna ný hugtök sem tengjast náttúrunni.
- **Efla félagsfærni:** með samræðum í hópum og verkefnum þar sem börn þurfa að vinna saman.

Þannig er hægt að nýta styrkleika náttúrunnar sem kennslusvæði og mikilvægi tungumálsins sem verkfæri til skilnings og samskipta.



Í útikennslu fá börnin hlutverk sem eru kynnt í bók Önnu Ginu Aagestad og Júlíönu Vilhjálmsdóttur (2008) sem ýta undir tjáningu og leiðtogahæfni.

Veðurfræðingurinn

Kannar hvernig veðrið er.

Ákveður hvernig útiföt þarf að klæða sig í.

Kynnir fyrir hópnum áður en farið er í fataklefan.

Forystusauður

Kynnir fyrir hópnum hvert á að fara.

Fær að vera fremstur og leiðir hópinn á áfangastað.

Fær að bera fána og bakpoka sem inniheldur það helsta sem þarf að taka með.

Fréttamaður

Segir fréttir af ferðinni.

Rifjar upp hvað var gert og hvað stóð upp úr.

Spyr börnin spurninga í lokin.

Útivera


Í Undralandi leggjum við ríka áherslu á að börnin fái mikla og fjölbreytta útiveru. Garðurinn er mikilvægur hluti af daglegu starfi og býður upp á óteljandi möguleika til leiks, hreyfingar og náms. Útiveran er ekki aðeins hreyfing og ferskt loft – hún er jafnframt dýrmætur vettvangur fyrir málörvun og félagsfærni.



Útivera sem vettvangur málörvunar

Í náttúrulegu og opnu umhverfi fá börn meira svigrúm til tjáningar. Þau lýsa því sem þau sjá, heyra og upplifa, hvort sem það er vindurinn í trjánum, leikur með vatn eða samvinna í sandkassanum.

Starfsfólk grípur þessi tækifæri og setur orð á reynslu barnanna, hvetja þau til að spyrja spurninga, lýsa hugmyndum sínum og segja frá eigin upplifun.




Félagsleg samskipti og tjáning

Rannsóknir sýna að félagsleg samskipti barna verða oft eðlilegri og jákvæðari í útiveru. Úti ríkir meira frelsi til hreyfingar og tjáningar, sem minnkar spennu og gerir börnum auðveldara í samskiptum og leik.



Í hópleikjum og sameiginlegum verkefnum fá þau tækifæri til að:



Útíveran gefur börnum aukið sjálfstæði til að prófa sig áfram, finna lausnir og skapa eigin leik. Í þessum aðstæðum verða orð og tjáning eðlilegur hluti af leiknum – hvort sem það er að skipuleggja leik, útskýra reglur eða deila hugmyndum. Þannig fléttast málörvun inn í daglegt líf barna á náttúrulegan og skemmtilegan hátt.

Tónlistarkennsla

Í leikskólanum Undralandi er lögð áhersla á að börnin fái að njóta tónlistar á fjölbreyttan hátt. Leikskólinn á gott safn af hljóðfærum sem eru reglulega notuð í daglegu starfi og við sérstakar tónlistarstundir. Börnin fá að prófa mismunandi hljóðfæri, kynnast takti, tónum og hreyfingu við tónlist.

Kaisu, tónmenntakennari leikskólans, kemur vikulega og er með tónlistarkennslu fyrir hverja deild. Hún leiðir börnin í gegnum fjölbreyttar tónlistarupplifanir með söng, dans og hljóðfæraleik. Markmiðið er að efla gleði, sköpun og tjáningu barnanna í gegnum tónlistina.



Þemavinna

Í málörvunarstarfi með börnum er mikilvægt að tengja verkefni við áhugaverð og viðeigandi þemu sem vekja forvitni, stuðla að auknum orðaforða og efla félagslega og hugræna færni. Með mánaðar þema skapast skipulagt samhengi þar sem börnin læra ný hugtök tengdum þemanu. Þannig verður málörvun bæði skemmtileg og merkingarbær.

Ágúst – Uppskeyra og berjatýnsla

Í ágúst byrjum við rólega eftir sumarfrí og undirbúum okkur fyrir veturinn. Það eru breytingar á deildum sem þarf að venjast o.fl.. Yfirleitt er gott verður og nýtum við það til að vera mikið úti. Við byrjum aðeins að spá í uppskeru og berjatýnslu. Börnin læra um grænmeti og ber og sýna því mikinn áhuga að týna berin og borða. Ef berjauppskeran er góð reynum við að búa til nokkrar krukkur af sultu.

September – Réttir og húsdýrin

Í september einblínum við á sauðfé, réttir og fléttum inn í það almennri umfjöllun um húsdýrin. Börnin kynnast helstu húsdýrum, hvað hvort kyn heitir hjá hverju húsdýri og afkvæmin þeirra. Við fjöllum sérstaklega mikið um sauðfé fyrir réttirnar, enda er sterk hefð fyrir þeim í Hrunamannahrepp. Börnin læra um íslenskar hefðir og tengslin milli dýra og mannlegra athafna.

Október – Haustið og haustlitir

Október snýst um haustið, litbrigði náttúrunnar og veðráttu. Börnin rannsaka lauf, lýsa litum, veðri og breytingum í umhverfi sínu. Verkefnin efla hugsun og málnotkun um haustið og árstíðarskiptin.

Nóvember – Ljós og skuggar

Í nóvember rannsaka börnin hvernig ljósið breytist yfir daginn og hvernig skuggar myndast. Með leikjum og einföldum tilraunum læra þau ný orð og hugtök. Þau læra um breytingar á dagsbirtunni og daginn farinn að stytta.

Desember – Jólin

Í desember er áhersla á jólahátíðina og hefðir hennar. Börnin læra orð og hugtök sem tengjast jólum, skreytingum, mat og samveru. Verkefnin stuðla að félagslegri málnotkun og styrkja frásagnarfærni í persónulegu og menningarlegu samhengi.

Janúar – Veturinn

Janúar snýst um veturinn, veður og útiveru. Börnin læra orð sem tengjast snjó, kulda og fatnaði. Þetta eflir bæði orðaforða og tjáningargetu í raunverulegum aðstæðum.

Febrúar – Þorrinn og gömlu tímarnir

Í febrúar beinist athyglin að þorranaum og gömlu tímunum. Við syngjum þorralög, fjöllum um þorramat og smökkum hann. Við tölum einnig mikið um afhverju þorrinn er og fjöllum um hvernig lífið var gamla daga, þegar fólkið bjó í torfkofum. Krakkarnir fá að prufa að leika sér með bein eins og var gert í gamla daga.

Mars – fjölskyldan og ég

Í mars beinist athyglin að fjölskyldunni og nánum tengslum. Börnin tjá sig um fjölskyldumeðlimi, hlutverk þeirra og áhugamál, sem styrkir persónulegan orðaforða og félagslega tjáningu. Verkefni geta falið í sér myndasögur, samtöl og orðaleiki sem tengjast fjölskyldu og tengslum innan hennar.

Apríl – Nærumhverfið og störf

Í apríl kanna börnin nærumhverfi sitt og störf fólks í samfélaginu. Þau læra orð sem tengjast heimili, skóla og daglegum störfum og þróa getu til að lýsa umhverfi sínu og atburðum á skýran hátt. Þetta eflir bæði málörvun og skilning á félagslegu samhengi.

Maí – Vorið

Maí snýst um vorið, plöntur, dýr og náttúru. Börnin lýsa breytingum í náttúrunni, læra ný orð og búa til sögur. Við skoðum sérstaklega vel fugla og spáum í hvort fuglarnir sem við finnum séu staðfuglar, farfuglar, sjófuglar o.s.frv. Þessi verkefni styrkja lýsingarhæfni og orðaforða, auk þess að tengja málnotkun við raunverulegar upplifanir.

Júní– Vatnsvika, gönguvika og skógarvika

Í júní er áhersla lögð á útiveru með vatnsviku, gönguviku og skógarviku. Börnin kanna vatn, skóg og náttúru, lýsa umhverfi og dýralífi og búa til sögur um það sem þau upplifa. Þessi þemu stuðla að athugun, lýsingu og samtölum í félagslegum og hagnýtum aðstæðum, sem styrkir bæði málörvun og skynjun á umhverfi.


Með þessari mánaðarlegu þemadagskrá skapast samfelld og fjölbreytt nám sem styður snemmtæka íhlutun í málörvun. Börnin öðlast færni í að lýsa, ræða, spyrja spurninga og búa til sögur sem tengjast eigin reynslu, árstíðum og menningu. Þannig verður málörvun bæði skemmtileg, merkingarbær og hagnýt í daglegu lífi.

Frjáls leikur


Frjáls leikur er kjarninn í leikskólastarfi Undralands og veitir börnum tækifæri til að æfa mál, félagsfærni og sköpun. Í leiknum stjórna börnin sjálf hvaða leiki þau leika, hvernig þau skipuleggja verkefni sín og hvernig þau tjá sig. Frjáls leikur eykur sjálfstæði, sköpunargáfu og ábyrgðartilfinningu, en hann er einnig lykill að málörvun.



Frjáls leikur skapar fjölbreyttar aðstæður fyrir börn til að nýta orð og tjáningargetu í merkingarbæru samhengi. Börnin læra að:




Starfsfólk leikskóla gegnir mikilvægu hlutverki við að styðja við málþroska í frjálsum leik. Þetta felur í sér að:



Samspil frjáls leiks og stuðnings starfsfólks leiðir til þess að börn tileinka sér orðaforða, þróa málfærni og auka getu til að tjá hugmyndir og tilfinningar. Börn læra einnig að hlusta á aðra, leysa vandamál og byggja upp félagsfærni í öruggu og skemmtilegu umhverfi. Starfsfólk veitir ekki einungis athygli heldur ýtir undir tjáningu barna með markvissum hætti – með innlögnum nýrra orða, spurningum og samtölum sem auka orðaforða og málþroska. Þannig verður leikurinn ekki bara skemmtilegur heldur einnig áhrifarík aðferð til að styðja snemmtæka íhlutun í málörvun.

Hópastarf


Hópastarf í leikskólum snýst um að börn vinni saman í minni hópum undir leiðsögn kennara til að þróa félagsfærni, sjálfstæði, skapandi hugsun og nám. Með hópastarfi fá börn tækifæri til að:



Þau verkefni sem við vinnum mest með í hópastarfi í Undralandi eru:

Lubbi finnur málbein

Í Lubbi finnur málbein eru íslensk málhljóð kynnt sem „málbein“ sem Lubbi, íslenskur fjárhundur, þarf að finna og naga til að bæta framburð sinn. Hvert málhljóð er tengt við táknræna hreyfingu, stutta sögu og skemmtilega vísu. Þessi nálgun hjálpar börnum að tengja saman hljóð og bókstafi á skemmtilegan og áhrifaríkan hátt. Með því að sjá, heyra og framkvæma hreyfingar tengdar hljóðum styrkjast tengslin milli sjón-, heyrn- og snertiskyns og málproska. Þetta skapar einnig tengingu milli hljóða og bókstafa og er lykilatriði fyrir lestrarnám og ritun síðar á lífsleiðinni.



Lubbi finnur málbein sameinar leik, tónlist og hreyfingu og gerir námferlið bæði skemmtilegt og áhrifaríkt. Námsfnið styrkir einnig sjálfstraust barnanna í að tjá sig, bæði í leik og í daglegum samskiptum sem leggur þannig grunn að góðri mál- og lestrarfærni.



Lubbastund-uppbygging stundar



Þegar unnið er með Lubba tölum við um hljóðin, hljóðakennslu en ekki stafakennslu og reynum því að nota hljóð og tákn í stað bókstafaheita þegar við lærum og leikum með hljóðin. Við veljum eitt verkefni eða leik ásamt fínhyfingarefni fyrir hverja stund í hópastarfi. Við vinnum stundina út frá barnahópnum, úthaldi og áhugasviði. Stundin getur tekið allt frá 15/20 mín upp í klukkustund. Vegum og metum það hverju sinni.

Upphaf- Lubbi: Lubbi heilsar- Allir heilsa Lubba og segja og sýna hljóðið sitt „Lubbi ætlar að læra með okkur og við ætlum að kenna Lubba hljóðin“

- Rifja upp hljóð og tákn sem var farið yfir síðast
- Bæta við nýju hljóði, *spyrja getið þið verið góð? Aaaa (gera tákn), getið þið sprengt sápukúlur Bbbb (gera tákn)*
- Lesa örsöguna og skoða vel myndir- finna allt sem byrjar á hljóðinu og beinið hans Lubba í bókinni
- Hlusta á lagið/syngja með hljóðinu með táknum
- Gefa Lubba beinið (öll börnin fá að prófa gefa Lubba beinið)

Miðja-Verkefni/leikir: Málörvunar/læsis leikur eða verkefni. Unnið eftir skráningarblaði og unnið með einn þátt í einu þar til færni er farin af stað og þangað til henni er náð. Margvísleg verkefni/leikir eru til, þar sem er unnið með sama þáttinn.

- *Leikir: SÓL bækur, Markviss málörvun, hljóðasmiðja Lubba, spil, hugmyndabanki Hamarsholti, hljóðadollur, Lubbakassar og margt fleira*
- *Verkefni: Ljáðu mér eyra, Orðagull, útprentuð verkefni í Hamarsholti(undirbúningi) og margt fleira*
- *Dregið úr Lubba-kassanum og frásögn af því sem þau draga*

Endir-Fínhyfingavinna og spjall í lokin: Klippa, þræða, perla, spora, lita, ljósaborð og það sem okkur dettur í hug.

Það er vegið og metið hvað gert er hverju sinni út frá barnahópnum, aldri og þroska



Blær



Vináttuverkefnið Blær er forvarnarverkefni frá Barnaheillum sem miðar að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, góðum skólabrag og koma í veg fyrir einelti í leik- og grunnskólum. Verkefnið byggir á fjórum gildum: virðingu, umhyggju, hugrekki og umburðarlyndi.

Bangsinn Blær er táknmynd vináttunnar í verkefninu og með klípusögum, umræðum, nuddi, söng og leikjum læra börnin um gildi vináttu með aðstoð frá Blæ. Hvert og eitt barn fær lítinn bangsa sem táknar samfélag vináttu.

Börn læra að þekkja og tjá tilfinningar sínar og annarra.

Þau þróa félagsfærni og læra að leysa ágreining á uppbyggilegan hátt.

Þau upplifa sig sem hluta af jákvæðu og stuðningsríku samfélagi.

Þau öðlast færni í að bera virðingu fyrir fjölbreytileika og sýna umhyggju fyrir öðrum.

Vináttustund-uppbygging stundar

Upphaf

- Allir taka sinn Blæ með í vináttustund
- Byrjum á að heilsa Stóra Blæ (hann getur talað við börnin, sagt þeim hvað hann er búin að vera að gera, gott að sjá ykkur vinir mínir...o.s.frv.)-sýnum honum umhyggju (notum þetta orð og útskýrum að við erum góð við Blæ og góð hvert við annað) og bjóða hvert annað velkomin í vináttustund

Miðja

- Vináttuverkefni-Klípusaga-Lestur-Tónlistarverkefni

Endir

- Vinanudd
- Hugtök til að nota í frjálsum leik og vináttuspjalli: Umhyggja (vera góð við hvert annað). Hugrekki (segjum stopp-ég vil ekki-hlusta á vin okkar). Virðing (hlustum á vini okkar). Umburðarlyndi (leika saman, vera góð við hvert annað...)



Málörvunarstund

- Allir fá tækifæri til tjáningar án truflana
- Kynna sig og segja frá afmælisdegi, aldri, heimili og nöfn fjölskyldu
- Förum í málörvunarleik t.d. úr Sól bókunum
- Drögum úr skjóðu, td. Dýr- segjum frá dýrinu og það sem við vitum um dýrið

Stærðfræði

- Læra um tölurnar
- Telja
- Vinna verkefni sem reynir á stærðfræði hugsun
- Form
- Æfa hugtökin stærra og minna

Myndlist

- Málum
- Lærum um liti og litasamsetningu
- Sköpum
- Föndur
- Klippa
- Líma

Grófhreyfingar

- Dans
- Jóga
- Hreyfileikir
- Jafnvægi
- Íþróttir

Fínhreyfingar

- Perla
- Leira
- Þræða
- Lita
- Púsla
- Pinna

Vísindi

- Tilraunir
- Náttúruvísindi
- Stjörnufræði

Skynjun

- Ljósaborð
- Notum skilningar vitin
 - Lykt
 - Heyrn
 - Sjón
 - Bragð
 - Snerting
- Finnum mismunandi áferðir

Tónlist

- Verkefni með tónlist
- Syngjum
- Spilum á allskonar hljóðfæri
- Lærum um mismunandi hljóðfæri
- Taktur
- Textar
- Rím
- Vísur

Leiklist

- Æfum leikrit
- Leikir með leikrænni tjáningu
- Hlutverkaleikir
- Lesum bók og leikum söguna
- Notum söguskjóður-dót notað til að leika söguna og þá öðlast sögurnar líf sem heldur athygli nemendanna betur

Bókasafn

Bókasafn leikskólans er flokkað í eftirfarandi flokka með litum:

Flokkun á bókasafni

- Ævintýrabækur
- Rím- og ljóðabækur
- Sögubækur
- Ungbarnabækur
- Tónlistarbækur
- Litlar bækur
- Jólabækur
- Fræðslubækur.



Börnin fara reglulega í heimsókn á bókasafn hreppsins, fá að skoða þar bækur og það er lesið fyrir þau þar. Þau fá einnig að velja nokkrar bækur til að fara með í leikskólann til að lesa í hvíld.

Ríkulegt safn fræðibóka um uppeldi og þroska barna er til fyrir starfsfólk leikskólans, sem foreldrum er einnig velkomið að fá að láni.

Spilasafn og sérkennslugögn

Í Undralandi er gott spilasafn og þar getur hver deild sótt sér spil eftir þörfum. Spilasafn og sérkennslugögn eru flokkuð til að efla eftirfarandi færni: Samleikur og félagsfærni, tjáskipti og samskipti, athygli og einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði og setningamyndun (TRAS Skráning á málþroska ungra barna) auk þess erum við með flokk fyrir stærðfræði, útikennsla, fínhyrfingar og tónlist. Spil og málörvunarefni er flokkað eftir átta þáttum tras skráningarlistans. Það gerir starfsfólki leikskólans auðvelt fyrir með að finna réttu verkfærin til málörvunar ef grípa þarf til íhlutunar.

Flokkun á málörvunar efni og spilum

Grænn	Framburður og hljóðkerfisvitund
Blár	Samleikur/ félagsfærni Tilfinningar. Tjáskipti/samskipti Athygli/ einbeiting
Rauður	Málfræði (málvitund, setningamyndun, málsskilningur)
Gulur	Orðaforði
Hvítur	Heyrnaminni/vinnsluminni
Appelsínugulur	Útikennsla
Fjólublár	Stærðfræði
Brúnn	Fínhyrfingar
Svartur	Tónlist

Lokaorð

Handbók þessi gefur starfsfólki og foreldrum í leikskólanum Undralandi innsýn í hugmyndafræði og markmið snemmtækrar íhlutunar ásamt því að upplýsa um helstu ferla sem henni tengjast innan leikskólans.

Von er um að sú þróunarvinna sem átti sér stað við gerð þessarar handbókar hafi orðið til þess að fagleg vinnubrögð alls starfsfólks leikskólans hafi aukist. Starfsumhverfi með skýrum verkferlum auðveldar starfsfólki að vinna markvisst með viðeigandi málþætti og undirstöðupætti fyrir lestur. Slíkt umhverfi gerir starfsfólk öruggara að nálgast viðfangsefni sín á réttan hátt og sníða þau að aldri og þroska barnanna. Greint er frá helstu leiðum og vinnubrögðum í starfi með börnunum sem tengjast snemmtækri íhlutun með sérstakri áherslu á málþroska og samskipti við foreldra.

Læsteymi Undralands sér um að halda áherslum snemmtækrar íhlutunar ávallt á lofti og fylgir því eftir að nýir starfsmenn lesi handbókina og tileinki sér efni hennar. Læsteymið sér einnig um að uppfæra handbókina eftir því sem þurfa þykir.

Leikskólinn Undraland býr svo vel að eiga gott safn af kennslugögnum sem hægt er að nýta til málörvunar þar sem námsefnið um Lubba er fremst í flokki. Útinám, frjáls leikur og sköpun eru stór þáttur í starfsaðferðum Undralands sem gefur mikla fjölbreytni og breidd í samtölum við börnin í öllu þeirra námi. Dagleg samtöl við börn um heima og geima, bæði í hópi og við einstök börn, eru lykilþáttur í stuðningi við málþroska. Sjónrænt skipulag er einnig þáttur sem þarf stöðuga umhugsun enda gagnast það öllum börnum í að skilja betur starfsemi leikskólastarfsins og styður þau við að tjá sig um umhverfi sitt.

Gott samstarf og samskipti við foreldra er grunnur að árangursríku leikskólastarfi og foreldrasamfélag Undralands er sannarlega jákvætt afl og stuðningur við starfið. Við hlökkum til áframhaldandi samvinnu foreldra og starfsfólks um vellíðan, þroska og hamingju barnanna.

Heimildir

Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2013). Langtímarannsókn á forspárgildi málproskaathugana við 5–6 ára aldur um síðari líðan og reynslu. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun.

<https://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/013.pdf>

Aneta Figlarska, A., Rannveig Oddsdóttir, Smúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítýngdra leikskólabarna: Málumhverfi heima og í leikskóla. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2017 – Menntakvika 2017.

https://netla.hi.is/serit/2017/menntavika_2017/007.pdf

Áshildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir. (2021a). Hvenær er þörf fyrir markvissa íhlutun hjá ungum börnum. Í Áshildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti (ritstj.), Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda (bls. 28).

Áshildur Bj. Snorradóttir og Bergrós Ólafsdóttir. (2021c). Snemmtæk íhlutun í málörvun – grunnur að góðum námsárangri. Í Áshildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti (ritstj.), Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda (bls. 7).

Áshildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna.

Bryant, D. P., Bryant, B. R., & Smith, D. D. (2020). Teaching students with special needs in inclusive classrooms (2nd ed.). SAGE Publications, Inc.

Edwards, S., Letts, C., & Sinka, I. (2011). The new Reynell developmental language scales manual. GL Assessment Limited.

Elín Þöll Þórðardóttir. (2004). Tvítýngi ekkert að óttast. Talfræðingurinn, 18(1), 5–7.

Freyja Birgisdóttir. (e.d.). Hljóðkerfisvitund. Lesvefurinn.

<https://lesvefurinn.hi.is/node/229>

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.a). Hljóðkerfisvitund. Lesvefurinn.

<https://lesvefurinn.hi.is/node/189>

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.b). Kennsluaðferðir – Umskráning. Lesvefurinn.
<https://lesvefurinn.hi.is/kennsluadferdir>

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.c). Umskráning. Lesvefurinn.
<https://lesvefurinn.hi.is/node/136>

Hjördís Hafsteinsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Iris Edda Nowenstein. (2022). Íslenskukunnátta tvítyngdra barna: Tengsl staðlaðra málþroskaprófa og málsýna. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.8>

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Hvers vegna er góður málþroski börnum sérstaklega mikilvægur? Hvers vegna þurfa kennarar að vera vel að sér um málþroska? [PowerPoint glærur].

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Málþroski og þróun málnotkunar: Inngangur – Hvað felst í málþroska? [PowerPoint glærur].

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Marta Gall Jörgensen og Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2012). Skýrsla um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneytimedia/media/ritogskyrslur/skyrsl_stodu_barna_ungm_malthroska_rosk_2012.pdf

Jákvæður agi byggður á gagnkvæmri virðingu. Sótt þann 17. sept. 2025 af <https://jakvaeduragi.is/hugmyndafrædin/>

Law, J., Dennis, J., & Charlton, J. (2017). Speech and language therapy interventions for children with primary speech and/or language disorders (Protocol). Cochrane Database of Systematic Reviews, 2017(1), 1–21. <https://doi.org/10.1002/14651858.CD012490>

Marta Eydal, Jóhanna T. Einarsdóttir, Þorlákur Karlsson og Þóra Sæunn Úlfisdóttir. (2019). Börn sem eru sein til máls: Áhrif þjálfunar á orðaforða barns á þriðja ári. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.2>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt þann 19. ágúst 2025 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011; Greinasvið 2013. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Menntamálastofnun. (2020a). Um forsendur læsis. Læsisvefurinn.
https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/fors_frae_inng_2020-1.pdf

Neaum, S. (2012). Language and literacy for the early years. SAGE.

Overview of early intervention. (2021, júlí). Center for Parent Information & Resources. <https://www.parentcenterhub.org/ei-overview/>

Paul, R., Norbury, C., & Gosse, C. (2018). Language disorders from infancy through adolescence: Listening, speaking, reading, writing and communicating (5th ed.). Elsevier.

Rannveig Oddsdóttir. (2017). Forsendur og aðdragandi máltöku. [PowerPoint glærur].

Rannveig Oddsdóttir. (2017). Orðaforði. [PowerPoint glærur].

Sara Tosti. (2021). Helstu athuganir í leikskólum – að lesa úr niðurstöðum prófa, verkferlar og íhlutun. Í Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Hlín Magnúsdóttir Njarðvík og Sara Tosti (ritstj.), Snemmtæk íhlutun í hnotskurn: Verkfærakista hugmynda (bls. 8–16). Höfundar.

Tryggvi Sigurðsson. (2003). Snemmtæk íhlutun: Markmið og leiðir. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
<https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>

Viðauki

Málörvun

Hópstjóri:

Dagsetning:									
Rím									
Samstöfur: Klappa atkvæði í orðum									
Setja saman orð									
Hljóðgreining: Heyrist A í afi?									
Margræð orð: Tvær myndir með sama orð									
Taka sundur orð									
Hljóðtenging. Við segjum hljóðin, börnin giska A-R-I Í-S									
Þulur/söngur									
Leikir/dans									
Spil									
Lestur									
Lesi stutta sögu og spyrja út úr									
Klippa									
Klippa út form									
Fínhreyfingavinna									
Börninn semja sögu									
Spyrja börnin um: t.d. heimilsföng, nöfn foreldra og fæðingadag									
Annað:									

Athugasemdir:

Einstaklingsnámskrá

Nafn:		Kennitala:	
Leikskóli:			
Gildistími:			

1. Lýsing á nemandanum:

Hér eiga að koma:

Niðurstöður formlegra greininga sérfræðinga/stofnana í örstuttu máli:

Upplýsingar frá foreldrum um áhuga, sjálfsbjörg, hegðun o.fl.:

Upplýsingar frá leikskólakennurum þar sem mat er lagt á sjálfsbjörg, vinnu, hegðun, áhuga, getu o.fl.:

Upplýsingar um sterkar hliðar nemandans:

Upplýsingar um veikar hliðar nemandans og sérstakar þarfir:

Þessar upplýsingar geta stundum staðið óbreyttar og eru þá einungis endurskoðaðar við upphaf hvernar annar/hvers skólaárs.

Staða nemandans:

Hér er gerð stuttlega grein fyrir stöðu nemandans í öllum þeim þáttum sem einstaklingsnámskránni er ætlað að taka til:

Námsleg staða eftir námsþáttum:

Félagsleg staða:

Aðrir þættir sem vinna þarf með samkvæmt einstaklingsnámskrá:

Þessar upplýsingar geta stundum að hluta staðið óbreyttar og eru þá einungis endurskoðaðar við upphaf hvernar annar/hvers skólaárs.

Markmiðssetning:

Hér eru sett fram markmið bæði til langs og stutts tíma:

Langtímamarkmið		Skammtímamarkmið	
Hér eru markmið sem geta verið sett fyrir heila önn/heilt skólaár eða jafnvel fleiri ár. Þau hafa tilvísun í innhald fyrri tveggja kassanna. Hakað er við jafnóðum og markmið hafa náðst.	✓	Hér koma markmið sem taka til skamms tíma, e.t.v. bara nokkurra vikna. Þau hafa einnig tilvísun í fyrri kassa. Hakað er við jafnóðum og markmið hafa náðst.	✓
<i>Langtímamarkmið eru endurskoðuð í upphafi hvernar annar/hvers skólaárs.</i>		<i>Skammtímamarkmið eru endurskoðuð reglulega í kjölfar teymisfunda og skráninga.</i>	

Lýsing á framkvæmd:

Hér kemur fram lýsing á fyrirhuguðum leiðum til að ná fram markmiðum. Lýst er áætlaðri framkvæmd kennslu og náms, t.d. vali á efni, aðferðum, kennsluáðstæðum, staðsetningu, tímasetningum, tímamagni, o.fl.

Þetta atriði á að endurskoða og uppfæra reglulega í kjölfar teymisfunda og námsmats.

Mat:

Hér er gerð grein fyrir hvernig mati og endurskoðun markmiða verði háttað og hve oft á að meta.

Þessar upplýsingar eru endurskoðaðar við upphaf hvernar annar/hvers skólaárs.

Staður og dagsetning

Undirskrift foreldris / forráðarmanns

Undirskrift deildarstjóra

Undirskrift sérkennslustjóra